



Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur

Gögn og upplýsingar um umtalsverða fækkun notenda fjárhagsaðstoðar hjá Reykjavíkurborg

Meðfylgjandi sendast borgarráði til kynningar eftirtalin gögn sem lögð voru fram í velferðarráði 28. apríl og 4. maí sl. Um er að ræða í fyrsta lagi minnisblað um stöðumat á aðgerðaráætlun um fjárhagsaðstoð, í öðru lagi samantekt sem gefur yfirsýn yfir fjárhagsaðstoð og þróun í þjónustu og loks minnisblað um breytta áherslu í framkvæmd og skipulagi fjárhagsaðstoðar til framfærslu hjá Reykjavíkurborg sem geymir niðurstöður rýnihóps sem settur var saman í kjölfar tillögu sem samþykkt var í velferðarráði 19. nóvember sl. Þá fylgir einnig til upplýsingar áður nefnd aðgerðaráætlun um fjárhagsaðstoð sem lögð var fram í velferðarráði 15. október sl. sem og minnisblað um sama efni dags. 6. október sl.


Eins og framangreind gögn bera með sér hefur náðst umtalsverður árangur við að fækka notendum fjárhagsaðstoðar. Umrædd gögn geyma fyrst og fremst upplýsingar um árangur síðasta árs í samanburði við fyrri ár en til viðbótar er rétt að upplýsa borgarráð um það að árangurinn það sem af er þessu ári er enn betri. Þannig hefur notendum fjárhagsaðstoðar til framfærslu fækkað á fyrstu þremur mánuðum þessa árs um 23,6% samanborið við sama tíma í fyrra, eða úr 1.924 í 1.469 manns. Einnig skal nefnt að heildarútgjöld vegna fjárhagsaðstoðar hafa á sama tíma lækkað um ríflega 20%, eða úr rúmum 810 m.kr. í tæplega 647 m.kr. á fyrstu þremur mánuðum þessa árs.

Í framangreindum gögnum er að finna ítarlegt og gott yfirlit yfir þær fjölbreyttu leiðir sem notaðar hafa verið af starfsfólki velferðarsviðs til þess að ná þessum góða árangri. Jafnframt er þar að finna greiningu og tillögu um þau atriði sem enn má færa til betri vegar og er nú unnið úr þeim tillögum og hugmyndum sem þar koma fram.

Stefán Eiríksson, sviðsstjóri velferðarsviðs

Aðgerðaráætlun fjárhagsaðstoðar

Hugmyndafræði



Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

október 2015

Hugmyndafræði

Hugmyndafræði aðgerðaráætlunarinnar um fjárhagsaðstoð byggir á virku samráði og þátttöku viðtakenda fjárhagsaðstoðar. Áhersla er á valdeflingu með það að leiðarljósi að einstaklingurinn taki ábyrgð á eigin lífi og geti séð sér og sínum farborða án aðkomu sveitarfélagsins. Fjárhagsaðstoð er neyðaraðstoð og skal ætíð veitt til skamms tíma. Hugmyndafræðin á stoð í eftirfarandi;

- Lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 þar sem segir að markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga sé að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjalpar.
- Reglum um fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar frá desember 2014 en þar kemur fram að gera skuli einstaklingsáætlanir með óvinnufærum einstaklingum sem þurfa á fjárhagsaðstoð til framfærslu að halda.
- Áherslum velferðarráðs Reykjavíkurborgar við endurskoðun aðgerðaráætlunar um fjárhagsaðstoð (28. maí 2015/valkostir og tækifæri, bókun velferðarráðs 1.október 2015).
 - ✓ fjölgun tímabundinna starfa hjá Reykjavíkurborg í samvinnu við Atvinnumálateymi og Vinnumálastofnun
 - ✓ að sá hópur sem er tímabundið óvinnufær vegna sjúkdóma og fær fjárhagsaðstoð, verði skilgreindur sem færni- eða endurhæfingarhóp, í stað þess að tala um sjúklinga
 - ✓ að hefja skapandi starf með einstaklingum sem fá fjárhagsaðstoð í þeim tilvikum þar sem almenn úrræði hafi ekki náð til
 - ✓ að unnið verði markvisst í því að koma í veg fyrir að fólk festist í viðjum fátæktar. Í stórauðnum mæli þarf að bjóða fólki tækifæri til vinnu, náms eða sértæks stuðnings í stað óvirkni sem leiðir til heilsubreysts og félagslegrar útskúfunar
 - ✓ að félagsleg ráðgjöf til þeirra sem leita eftir þjónustu skuli byggja á heildarsýn á aðstæðum viðkomandi. Sérstaklega skal gefa gaum að þeim hópum sem vegna langvarandi efiðleika og veikinda standa utangarðs í samfélaginu og eru í hættu á félagslegri einangrun
 - ✓ áherslu á einstaklingsmiðaðan stuðning og notendasamráð meðal annars með notkun matstækisins „Eigið mat á starfsgetu“
- Áherslum velferðarsviðs um notendasamráð. Velferðarsvið hefur lagt mikla áherslu á þróun notendasamráðs samanber starfsáætlun fyrir árið 2013. Markmiðið er að þjónustan mæti sem best þörfum notenda og að fjármagnið nýtist á markvissan hátt. Áherslan er á að notendur þjónustunnar eru þeir aðilar sem þekkja best hvernig þjónustan þarf að vera til að mæta þörfum þeirra. Markvisst og reglulegt samráð við notendur er grundvöllur þess að þjónusta velferðarsviðs þróist í góðri sátt við áherslur íbúa borgarinnar.
- Áherslum velferðarsviðs á valdeflingu. Í reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborgar kemur fram að fjárhagsaðstoð skuli veitt í eðlilegum tengslum við



önnur úrræði velferðarráðs, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar. Í reglunum koma fram hugtökin einstaklingsáætlanir og samkomulag um félagslega ráðgjöf sem felur m.a. í sér að viðtakendur fjárhagsaðstoðar eiga í samstarfi við sérfræðing að setja sér markmið og að áætlunum verði fylgt eftir. Í starfi þeirra fagaðila sem sinna þjónustu við einstaklinga sem eru með fjárhagsaðstoð er því áhersla á valdeflingu sem felur í sér að einstaklingurinn er sérfræðingurinn í eigin lífi og hlutverk fagaðila er að skapa einstaklingnum farveg til að hann geti komi á jákvæðum breytingum í lífi sínu og vinna út frá styrkleikum hvers og eins. Í þessu felst trú á getu einstaklingsins til að nýta hæfileika sína til fullnustu, taka eigin ákvarðanir og bera ábyrgð á þeim og hafa áhrif á líf sitt og umhverfi.

- Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar kemur m.a. fram allar manneskjur eigi að fá að njóta mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Reykjavíkurborg hefur jafnræði borgaranna og mannréttindi að leiðarljósi í öllu starfi. Mannréttindastefnan vinnur gegn margþættri mismunun og lögð er áhersla á heildstæða sýn í þágu borgarbúa. Í siðareglum félagsráðgjafa segir að grundvöllur félagsráðgjafar sé virðing fyrir manngildi og sérstöðu hvers einstaklings og trú á getu hans til að nýta hæfileika sína til fullnustu. Markmið félagsráðgjafar er að vinna að lausn félagslegra og persónulegra vandamála og sporna við félagslegu ranglæti. Félagsráðgjafar vinna gegn mannréttindabrotum hvar svo sem þau eiga sér stað og félagsráðgjafar skulu stunda starf sitt með faglega heildarsýn að leiðarljósi.

Markmið aðgerðaráætlunar fjárhagsaðstoðar

Markmið aðgerðaráætlunarinnar er að draga úr fjölda þeirra einstaklinga sem þurfa á fjárhagsaðstoð að halda til langs tíma. Áhersla er á ábyrgð einstaklinga.

Tillögur í aðgerðaráætlun um fjárhagsaðstoð byggja á stöðu þeirra sem eru með fjárhagsaðstoð til framfærslu í dag og áherslum velferðarráðs. Á árinu 2015 hefur dregið úr atvinnuleysi sem hefur gefið starfsmönnum velferðarsviðs tækifæri á að veita enn öflugri þjónustu til þeirra hópa sem ekki hafa náð að fóta sig á atvinnumarkaði. Þó er mikilvægt að hafa í huga að frá árinu 2008 hefur tímabili atvinnuleysisbóta verið stytta úr 5 árum (árið 2011) í 2,5 ár í dag. Þetta hefur leitt til þess að fleiri einstaklingar en áður verða að reiða sig á fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins til framfærslu. Líkur eru á að margir í þeim hópi sem hafa misst rétt til atvinnuleysisbóta og hafa einnig fullnýtt rétt sinn úr sjúkrasjóðum. Þetta hefur að mati sérfræðinga velferðarsviðs leitt til þess að hluti hópsins er í mun meiri þörf fyrir sértækan stuðning sökum margþættari og langvarandi vanda. Samkvæmt upplýsingum þeirra sérfræðinga sem vinna með hópi viðtakenda fjárhagsaðstoðar er andlega og líkamleg heilsa þeirra slæm og hafa rannsóknir á vegum velferðarsviðs á undanförunum árum staðfesta það.

Leiðir

1. Stýrihópur

Skipaður verður stýrihópur til tveggja ára sem vinnur að útfærslu, innleiðingu og framkvæmd þeirra aðgerða/tillagna sem settar eru fram í aðgerðaráætluninni. Unnið verður á grundvelli verk- og tímaáætlunar. Á sex mánaða fresti verður gert stöðumat á aðgerðaráætluninni og skal stýrihópurinn bregðast við niðurstöðum með þeim aðgerðum sem best eru til þess fallnar að draga úr þeim tíma sem einstaklingar þurfa á fjárhagsaðstoð að halda. Við mat á aðgerðaráætluninni skal m.a. horfa til lykiltalna velferðarsviðs og niðurstaðna rýnihópa.

Skipað hefur verðið í hópinn með erindisbréfi. Hópin skipa framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar, deildarstjóri þjónustumiðstöðvar, sálfræðingur í færniteymi, 3 félagsráðgjafar frá þjónustumiðstöð, fjármálaráðgjafi, deildarstjóri deildar gæða- og rannsóknna og deildarstjóri almennrar ráðgjafar sem leiðir hópinn (fylgiskjal 4).

2. Endurskoðun á skipu- og vinnulagi í vinnu með viðtakendum fjárhagsaðstoðar með tilliti til gæða þjónustunnar.

Rannsóknir sýna að lykilatriði í árangri með þá einstaklinga sem lengst eru frá atvinnumarkaði felst í einstaklingsbundnum áætlunum og samstarfi vinnuveitenda, félagslegrar þjónustu og Vinnumálastofnunar. Jafnframt er mikilvægt er að kynna sér þær aðferðir og vinnulag sem reynst hafa vel í nágrannlöndum okkar og byggja á árangri þeirra aðgerða.

Hafa skal í huga:

1. Unnið verði að samræmdu vinnulagi á þjónustumiðstöðvum er varðar móttöku og meðferð umsókn um fjárhagsaðstoð. Vinnulagið skal tryggja skilvirkt ferli tilvísana til Vinnumálastofnunar/atvinnumálateymis varðandi þá einstaklinga sem eru vinnufærir. Jafnframt skal tryggja að þeir einstaklingar sem þurfa hæfingu fái sambærilega þjónustu eftir þjónustumiðstöðvum. Sérstaklega skal huga að vinnulagi í þjónustu fyrir þann hóp sem vegna langvarandi erfiðleika og veikinda stendur utangarðs í samfélaginu og eru í hættu á félagslegri einangrun. Í vinnulagi skal koma fram að sérhvert mál skuli vinna út frá verk- og tímaáætlun sem nái ekki yfir lengri tíma en 6 mánuði í senn.
2. Unnið skal markvisst að gerð einstaklingsáætlana fyrir alla viðtakendur fjárhagsaðstoðar ásamt því að nota viðeigandi matstæki t.d. ASEBA og Eigið mat á starfsgetu (EMS).
3. Vinna með skilgreinda forgangshópa til ákveðins tíma og nýta til þess viðeigandi verkfæri og aðferðir. Áhersla er á valdeflingu, ábyrgð og þátttöku einstaklinga. Með því að skilgreina forgangshópa má tryggja skilvirkari vinnubrögð og þéttari stuðning með það að markmiði að viðtakendur fjárhagsaðstoðar þurfi einungis að reiða sig á fjárhagsaðstoð til skamms tíma. Leita skal eftir samstarfi við heilsugæslu og aðra þá



aðila sem taldir eru geta stuðlað að aukinni virkni, lífsgæðum og atvinnuþátttöku notenda.

4. Gera rannsókn á skilvirkni og notagildi þeirra verkfæra sem nýtt eru í vinnu með viðtakendur fjárhagsaðstoðar m.a. samkomulag um *félagslega ráðgjöf*, ASEBA, og *Eigið mat á starfsgetu (EMS)*.
5. Skoða möguleika á nýjum aðferðum í vinnu með einstaklinga, s.s. **Individual Placement and Support (IPS)**. IPS byggir á átta grunnþáttum m.a. að allir séu gjaldgengir á vinnumarkaði og markmið starfa er samkeppnishæf atvinna. Leita skal eftir samstarfi við atvinnumáladeild Reykjavíkur og Vinnumálastofnun. Einnig skal skoða möguleika á samræmdu mati VIRK og velferðarsviðs.
6. Kanna hvort norska verkefnið „**15-24 All Youth in Activity**“ geti nýst til að vinna með hópi ungs fólks í Reykjavík sem eru viðtakendur fjárhagsaðstoðar. Markmið er að bæta lífsgæði ungmenna sem glíma við andlega erfiðleika og koma í veg fyrir að ungt fólk dragi sig út úr samfélaginu. Unnið er á heildrænan hátt með vanda þeirra í þverstofnanalegu teymi og á vettvangi unga fólksins.
7. Kanna hvort og þá hvernig megi auka þjónustu SÁÁ inn í félagslega ráðgjöf til þeirra viðtakenda fjárhagsaðstoðar sem eru í þörf fyrir það.

3. Barnvæn þjónusta við börn og fjölskyldur

Í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins um réttindi barna og barnvæna félagsþjónustu við börn og fjölskyldur (fylgiskjal 5) kemur m.a. fram að þar sem foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi og þroska barnsins ætti félagsþjónusta að tryggja að umhverfið styðji við barnið. Það ætti að gera með því að veita þjónustu á viðeigandi stigi, tryggja fjölbreytileika þjónustu og nauðsynlega þætti sem styðja að jákvætt uppeldi og efla foreldra í uppeldishlutverkinu. Við veitingu félagsþjónustu ætti að tryggja viðeigandi viðbrögð og gæði í samskiptum við börn og fjölskyldur þar á meðal að forðast að börn og fjölskyldur verði háð þjónustu með því að hvetja til sjálfræðis og virkni.

Hafa skal í huga:

1. Að gera átak til að tryggja nýtingu 16. gr. a) í reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð. Sér í lagi skal tryggja upplýsingagjöf til foreldra af erlendum uppruna.
2. Greina hvaða breytingar þarf að gera til frambúðar á verk- og vinnulagi sem og á málaskrá til að tryggja að foreldrar séu upplýstir um rétt til aðstoðar skv. gr. 16 a.
3. Að tryggja að fagaðilar hafi yfirsýn yfir skipulagt tómsunda- og frístundastarf í hverfum og leiðbeini og hvetji foreldra til að finna börnum sínum farveg í slíku starfi. Vísað er í skýrslu um aðstæður reykvískra foreldra: Félagslegt tengslanet, tómsundir og almennt heilsufar barna. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að börn foreldra sem fá fjárhagsaðstoð og atvinnuleysisbætur stunduðu síður skipulagt íþrótta- og tómsundastarf en börn foreldra í launaðri vinnu.
4. Kanna hvort eigi að fara af stað með tilraunaverkefni (TINNA) til lengri tíma fyrir unga einstæðra foreldra sem felur í sér samþætta áætlun um m.a. menntun og/eða starfsþjálfun, fjárhagsstuðning, uppeldisráðgjöf og sérfræðisþjónustu. Í TINNU væri boðið upp á fjölbætta þjónustu ólíkra aðila innan velferðar- og menntakerfis sem og virkni og atvinnumiðlara, ásamt sérfræðingum allt eftir greiningu og



einstaklingsbundnu mati í hverju máli. Fjöldi þátttakenda hverju sinni gætu verið 15-20. Þess má geta að Velferðarvaktin hefur lagt til við Eygló Harðardóttur, félags- og húsnæðismálaráðherra, að ráðist verði í tilraunaverkefnið sem miðar að því að styrkja stöðu einstæðra foreldra sem eru notendur fjárhagsaðstoðar með hagsmuni barna þeirra að leiðarljósi

4. Notendasamráð

Markmið félagslegrar ráðgjafar er m.a. að vinna með einstaklingum út frá styrkleikum hvers og eins. „*Samkomulag um félagslega ráðgjöf*“ og „*Eigið mat á starfsgetu*“ eru verkfæri sem starfsmenn hafa m.a. nýtt til notendasamráðs en það felur í sér að einstaklingarnir sjálfir setji sér markmið og áætlanir um hvernig þeir hyggist skapa sér aðstæður og tækifæri sem geta stuðlað að því að þeir þurfi einungs fjárhagsaðstoð til skamms tíma. Mikilvægt er þó að þróa aðferðir og leiðir sem leiða til aukins samráðs við notendur um framkvæmd félagslegrar ráðgjafar í tengslum við fjárhagsaðstoð.

Hafa skal í huga:

1. Skipa rýnihóp sem hefur það að markmiði að skoða aðferðir og leiðir til aukins samráðs við notendur um framkvæmd félagslegrar ráðgjafar í tengslum við fjárhagsaðstoð sbr. bókun velferðarráðs 1. október 2015.
2. Skipa rýnihóp viðtakenda fjárhagsaðstoðar sem hafa gert „*samkomulag um félagslega ráðgjöf*“, og „*Eigið mat á starfsgetu*“, með það að markmiði að draga fram viðhorf og reynslu einstaklinga af þessum verkfærum og hversu gagnleg þau hafa reynst til að ná settum markmiðum.

5. Aukið eftirlit með fjárhagsaðstoð

Eftirlit með fjárhagsaðstoð er mikilvægur þáttur í starfsemi velferðarsviðs og stuðlar aukið eftirlit að betri gæðum þeirrar þjónustu sem veitt er. Ein af þeim aðferðum sem beitt er til þess að taka á innra eftirliti er notkun reglna um fjárhagsaðstoð. Aðrir þættir varðandi eftirlit með gæðum þjónustunnar eru úttektir og rannsóknir, greiningar á þjónustupáttum eða ákveðnum hópum meðal viðtakenda fjárhagsaðstoðar og mat á árangri átaksverkefnis með skilgreinda forgangshópa. Hlutverk stýrihóps aðgerðaráætlunarinnar er að tryggja reglubundna rýningu lykiltalna sem felur í sér eftirlit með árangri þjónustunnar. Virkt notendasamráð, ásamt rannsóknum segja hins vegar til um gæði þeirra þjónustu sem veitt er.

6. Aukin tækifæri til menntunar og fjölbreyttari virkni

Í reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð er kveðið á um heimild til að veita ákveðnum hópum viðtakenda námsaðstoð. Rannsóknir hafa sýnt að námsaðstoð hefur haft mikið forvarnargildi fyrir þá einstaklinga sem hafa nýtt sér aðstoðina. Markmið námsaðstoðar er að veita einstaklingum aukið tækifæri til áframhaldandi náms sem leiðir til lánshæfs náms. Auk námsaðstoðar á grundvelli reglna hafa átaksverkefnið Kvennasmiðja, Karlasmíðja og Grettistak jafnframt haft það að markmiði að hvetja einstaklinga til aukinnar menntunar og atvinnuþátttöku. Velferðarráð Reykjavíkurborgar leggur áherslu á að fjölga menntunartækifærum fyrir viðtakendur fjárhagsaðstoðar og skapa þeim ný tækifæri á virkni

og fjölbreyttari úrræðum sem veita viðtakendum fjárhagsaðstoðar aukin lífsgæði og stuðla að sjálfseflingu.

Hafa skal í huga:

1. Leggja fram tillögur um aukin menntunartækifæri fyrir viðtakendur fjárhagsaðstoðar. Líta skal til verkefnisins „**Menntun núna**“ sem Þjónustumiðstöð Breiðholts hefur staðið fyrir og kanna möguleika á samstarfi við Námsflokka Reykjavíkur sem og aðra þá sem eflt geta einstaklinga til menntunar og virkni. Mikilvægt er að þjónustumiðstöðvar greini þarfir notendahópsins fyrir aukna menntun m.a. út frá aldri, kyni, menntunar- og atvinnustöðu viðtakenda.
2. Rýna niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið á endurhæfingarúrræðum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar með hliðsjón af árangri úrræðanna, möguleikum á áframhaldandi þróun þeirra með hliðsjón af áherslum velferðarráðs.

7. Efla samstarf við Tryggingastofnun ríkisins, VIRK og heilsugæslu höfðuborgarsvæðisins.

Samstarf velferðarsviðs og VIRK hefur verið í endurskoðun og nú verður bæði hægt að vísa til VIRK einstaklingum með óskilgreindan heilsubrest (úr virkniteymi) ásamt óvinnufærum sem fá fjárhagsaðstoð á grundvelli læknisvottorðs (úr færniteymi). Í samstarfi við Virk er einnig verið að skoða að koma á fót samstarfsteymi milli VIRK, heilsugæslu og velferðarsviðs og mun tilraunin ná til eins borgarhluta. Sambærileg teymi voru til staðar á árabílinu 2008-2010 og gengu þá undir heitinu „Hvert- verkefnið“.

8. Breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð

Velferðaráð Reykjavíkurborgar hefur lagt á það áherslu að unnið verði markvisst í því að koma í veg fyrir að fólk festist í viðjum fátæktar með því að bjóða fólki tækifæri til vinnu, náms eða sértæks stuðnings í stað óvirkni sem leiðir til heilsubrests og félagslegrar útskúfunar.

Lagðar verða fram tillögur til velferðarráðs Reykjavíkurborgar um breytingar á reglum sem styðja við þessa áherslur velferðarráðs sem og tillögur um aðrar breytingar sem gera þarf á reglunum.



Mælikvarðar:

Skorkort 2016		Áætlun/ útkoma			
Mælikvarðar	Viðmið	Gult	2014	2015	2016
Þjónusta					
Hlutfall notenda sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu í 12 mánuði eða lengur			16%	15%	15%
Meðalfjöldi mánaða með framfærslustyrk á sl. 12 mánuðum			5,7	5	4,6
Hlutfall barnafólks sem fær framfærslustyrk og aðstoð skv. gr. 16. a			49%	65%	80%
Hlutfall notenda sem fær fjárhagsaðstoð og gera samkomulag um félagslega ráðgjöf			37%	40%	80%
Hlutfall þátttakenda í endurhæfingarúræðum á vegum Reykjavíkurborgar sem ekki eru með fjárhagsaðstoð til framfærslu 12 mánuðum eftir útskrift			67%	40%	50%
Hlutfall viðtakenda fjárhagsaðstoðar sem hafa gert "Eigið mat á starfsgetu" EMS			10%	10%	30%

Heimildir:

Elísabet Karlsdóttir, Erla B. Sigurðardóttir. (2015) *Jaðarstaða foreldra – velferð barna*. (Ritröð um rannsóknarverkefni á sviði félagsráðgjafar). Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF).

Kristjana Gunnarsdóttir. (2014) *Afdrif fólks sem fengið hefur fjárhagsaðstoð til framfærslu, eftirfylgd og áhrifaþættir*. (MPH ritgerð í lýðheilsuvísindum). Reykjavík: Háskóli Íslands.

Lára Björnsdóttir, Halldór S. Guðmundsson, Kristín Sigursveinsdóttir og Auður Axelsdóttir. (2011). *Ný sjónarhorn og leiðir til battrar geðheilsu*. (Norrænt verkefni um valdeflingu í geðheilbrigðisþjónustu). Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF).

Roger, E. S., Chamberlin, J., Ellison, M. L. og Crean, T. (1997). A consumer-constructed scale to measure empowerment among users of mental health services. *Psychiatric Services*, 48, 1042-1047.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Dagsetning: 22. apríl 2016
Skrifstofa: Skrifstofa sviðsstjóra
Unnið af: Guðmundi Sigmarssyni og Ægi Hugasyni
Ábyrgð: Ellý Alda Þorsteinsdóttir skrifstofustjóri
Go Pro nr: VEL_2016020040

Lagt fyrir fund velferðarráðs 28. apríl 2016

Fjárhagsaðstoð hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar


***Fjárhagsaðstoð
Atvinnuleysi
Rannsóknir***

***Fjárhagsaðstoð til framfærslu
Menntun***

Markmiðið með eftirfarandi samantekt er að gefa yfirsýn yfir fjárhagsaðstoð, sundurgreinda eftir þjónustusvæðum og þróun í þjónustu sem nýst gæti við sérstaka skoðun og/eða sérstök verkefni sem ákveðið verður að ráðast í.

Sérstök áhersla er lögð á fjárhagsaðstoð til framfærslu og aðgerðir til að auka virkni. Upplýsingar um fjölda og atvinnustöðu þeirra sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu eru meðal annars bornar saman við tölur um atvinnuleysisþróun í Reykjavík. Þá eru einnig settar fram ítarupplýsingar um helstu breytur og þróun í þjónustupáttum sem skipt geta máli varðandi þróun fjárhagsaðstoðar. Einnig fylgir yfirlit yfir nýlegar rannsóknir og MA - ritgerðir og kannanir á þessu sviði. Tölfræðiupplýsingar um þjónustu miðast alla jafna við árið 2015 með samanburði við fyrri eða fyrra ár.

Fjárhagsaðstoð




Mynd 1. Hlutfall fjölskyldna sem fá einhverja tegund af fjárhagsaðstoð, af heildarfjölda fjölskyldna í Reykjavík. Skipting eftir þjónustumiðstöðvum árin 2006-2015

Hlutfall fjölskyldna í Reykjavík, sem fær fjárhagsaðstoð af einhverri tegund fór hækkandi frá árinu 2007 þegar það var 3,6% til ársins 2011 þegar það var komið upp í 5,8%. Hlutfallið var þá óbreytt til ársins 2014 er það lækkaði í 5,6% og síðan í 5% árið 2015. Hlutfallslega flestar fjölskyldur fá fjárhagsaðstoð á svæði þjónustumiðstöðvar Breiðholts.

Fjárhagsaðstoð til framfærslu

Á síðustu árum hefur verið gripið til fjölbreytilegra ráðstafana til að auka þjónustu við þá sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu, einkum þá sem eru atvinnulausir eða sjúklingar. Ráðstafanir þessar eru ýmist alfarið á hendi velferðarsviðs eða í samstarfi við aðrar stofnanir. Má þar nefna að virkniráðgjafar voru ráðnir í upphafi árs 2010, Atvinnutorg opnaði í febrúar 2012, Stígur þjónusta við atvinnuleitendur var stofnaður í mars 2014, Atvinnumáladeild var stofnuð hjá Reykjavíkurborg árið 2012, Færniteymi með þjónustu fyrir óvinnufæra og matsteymið Velvirk hófu starfsemi árið 2014. Sérstök áhersla hefur verið lögð á þjónustu við ungt fólk og þá sem ljúka bótarétti sínum hjá Vinnumálastofnun. Nánar er gerð grein fyrir þessum aðgerðum í kaflanum „Átaksverkefni og stuðningur til virkni við notendur fjárhagsaðstoðar“ hér á eftir.



Mynd 2. Fjárhagsaðstoð til framfærslu. Fjöldi notenda árin 2007-2015


Á mynd 2 sést að notendum hefur fækkað frá árinu 2013 og þeim heldur áfram að fækka árið 2015 borið saman við 2014.

Þegar þróun fjárhagsaðstoðar til framfærslu er skoðuð eftir þjónustumiðstöðvum borgarinnar árin 2007 til 2015 sést að hlutfallslega hefur notendum fjölgað mest hjá þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts. Þar hefur fólksfjölgunin líka verið mest á síðustu árum og frá árinu 2009 til ársins 2015 hefur íbúum fjölgað þar um 10,9%, en fólksfjölgun í borginni í heild var á sama tíma 3,5%. Fjölgun notenda fjárhagsaðstoðar er næst mest hjá þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis en þar hefur fjölgun íbúa verið 4,6% frá árinu 2009. Fjölgun notenda hefur orðið minnst í Vesturbæ.

Tafla 1. Fjárhagsaðstoð til framfærslu. Fjöldi notenda árin 2007-2015, skipt eftir þjónustumiðstöðvum.

Þjónustumiðstöð	Árið 2007	Árið 2008	Árið 2009	Árið 2010	Árið 2011	Árið 2012	Árið 2013	Árið 2014	Árið 2015
Vesturbær	232	230	304	345	358	351	329	335	293
Miðborg og Hlíðar	388	430	542	668	781	759	755	707	608
Laugardalur, Háaleiti og Bústaðir	297	353	509	588	646	649	680	666	586
Breiðholt	425	500	587	650	781	811	828	815	753
Árbær og Grafarholt	151	169	266	340	378	395	407	388	347
Grafarvogur og Kjalarnes	163	194	279	333	341	330	351	358	311
Samtals	1.656	1.876	2.487	2.924	3.285	3.295	3.350	3.269	2.898

Notendum sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu árið 2015 fækkaði hlutfallslega mest frá árinu 2014 um 14% hjá þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða. Á öllum hinum þjónustumiðstöðvunum var einnig talsverð fækkun, minnst 7,6% í Breiðholti. Notendur sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu vegna atvinnuleysis voru 1.212 árið 2015 eða tæplega 42% af heildarfjölda notenda. Þar af voru 1.025 notendur án bótaréttar, sjá töflu 15.



Mynd 3. Fjárhagsaðstoð til framfærslu árin 2003-2015. Fjöldi notenda og mánaða sem þeir fengu aðstoð.

Eins og sést á mynd 3 fækkaði langtímanotendum fjárhagsaðstoðar til framfærslu ár frá ári á árunum 2003-2007 og náði fjöldi þeirra lágmarki árið 2008. Frá árinu 2009 hefur orðið aukning á fjölda og hlutfalli notenda sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu í 12 mánuði samfleytt en árið 2008 voru þeir 139 eða 7% notenda. Árið 2015 voru þeir hins vegar orðnir 502 eða 17,3% notenda. Það er þó örlítil fækkun frá árinu 2014. Langtímanotendur eru flestir óvinnufærir eða atvinnulausir. Þannig hefur viðvarandi atvinnuleysi bein áhrif á fjölda þeirra sem þurfa að reiða sig á fjárhagsaðstoð til langs tíma.

Tafla 2. Fjárhagsaðstoð til framfærslu. Fjöldi notenda, árin 2009-2015 og fjöldi þeirra sem fengu aðstoð árin á undan og eftir.

	Árið 2009	Árið 2010	Árið 2011	Árið 2012	Árið 2013	Árið 2014	Árið 2015
Árið 2009	2.489	1.432	1.164	973	830	714	598
Árið 2010	1.432	2.924	1.750	1.339	1.100	940	771
Árið 2011	1.164	1.750	3.285	1.910	1.454	1.202	973
Árið 2012	973	1.339	1.910	3.295	1.944	1.472	1.183
Árið 2013	830	1.100	1.454	1.944	3.349	1.998	1.462
Árið 2014	714	940	1.202	1.472	1.988	3.271	1.910
Árið 2015	598	771	973	1.183	1.462	1.910	2.898

Í töflu 2 má sjá fjölda notenda sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu árin 2009-2015. Gulu reitirnir sýna fjölda notenda sem fengu framfærslu á viðkomandi ári. Gráu reitirnir sýna hversu margir af notendum ársins fá aðstoð árin fyrir eða eftir. Tafla 3 sýnir hlutfall notenda.

Tafla 3. Fjárhagsaðstoð til framfærslu árin 2009-2015. Hlutfall notenda hvers árs sem fær aðstoð árin á undan og eftir.

	Árið 2009	Árið 2010	Árið 2011	Árið 2012	Árið 2013	Árið 2014	Árið 2015
Árið 2009	100%	58%	47%	39%	33%	29%	24%
Árið 2010	49%	100%	60%	46%	38%	32%	26%
Árið 2011	35%	53%	100%	58%	44%	37%	30%
Árið 2012	30%	41%	58%	100%	59%	45%	36%
Árið 2013	25%	33%	43%	58%	100%	60%	44%
Árið 2014	22%	29%	37%	45%	61%	100%	58%
Árið 2015	21%	27%	34%	41%	50%	66%	100%

Árið 2009 fengu 2.489 fjárhagsaðstoð til framfærslu og af þeim fengu 1.432 (58%) einnig aðstoð árið 2010, 1.164 (47%) árið 2011, 973 (39%) árið 2012 og 830 (33%) árið 2013.

Árið 2010 fengu 2.924 fjárhagsaðstoð til framfærslu. Af þeim fengu 1.432 (49%) einnig aðstoð árið 2009 og 1.750 (60%) árið 2011, 1.339 (46%) árið 2012 og 1.100 (38%) árið 2013.

Árið 2011 fengu 3.285 fjárhagsaðstoð til framfærslu. Af þeim fengu 1.164 (35%) aðstoð árið 2009 og 1.750 (53%) árið 2010. Árið 2012 fengu 1.910 (58%) aðstoð og árið 2013 fengu 1.454 (44%) aðstoð.


Árið 2012 fengu 3.295 fjárhagsaðstoð til framfærslu. Af þeim fengu 1.910 (58%) aðstoð árið 2011, 1.339 (41%) árið 2010 og 973 (30%) árið 2009. Á árinu 2013 fengu 1.944 (59%) aðstoð.

Árið 2013 fengu 3.349 notendur fjárhagsaðstoð til framfærslu. Af þeim fengu 1.994 (58%) aðstoð árið 2012, 1.454 (43%) árið 2011, 1.100 (33%) árið 2010 og 830 (25%) árið 2009.

Árið 2014 fengu 3.271 notendur fjárhagsaðstoð til framfærslu. Af þeim fengu 1.988 (61%) aðstoð árið 2013, 1.472 (45%) árið 2012, 1.202 (37%) árið 2011, 940 (29%) árið 2010 og 714 (22%) árið 2008.


Árið 2015 fengu 2.898 notendur fjárhagsaðstoð til framfærslu. Af þeim fengu 1.910 (58%) aðstoð árið 2014, 1.462 (44%) árið 2013, 1.183 (36%) árið 2012, 973 (30%) árið 2011, 771 (26%) árið 2010 og 598 (24%) árið 2009.

Atvinnuleysi



Mynd 4. Fjöldi atvinnulausra með bótarétt hjá Vinnumálastofnun og fjöldi notenda sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu í Reykjavík eftir mánuðum frá janúar 2003 - desember 2015.

Á mynd 4 má sjá áhrif atvinnuleysis á fjárhagsaðstoð til framfærslu í Reykjavík. Ásinn vinstra megin sýnir fjölda notenda sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu hjá Reykjavíkurborg (kvarði 0 - 2.000) og hægri ásinn sýnir fjölda skráðra atvinnuleitenda (kvarði 0 - 8.000). Eins og sjá má er ákveðin fylgni á milli fjölda atvinnulausra og fjölda notenda sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu hjá Reykjavíkurborg. Reynolds frá fyrri tíma sýnir þó að fækkun þeirra sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu kemur töluvert síðar en í þeim hópi sem á rétt á atvinnuleysisbótum.



Mynd 5. Atvinnuleysi í Reykjavík í desember 2015 skipt eftir þjónustuvæðum.

Tölur um atvinnuleysi byggja á gögnum frá Vinnumálastofnun um fjölda þeirra sem eiga rétt á atvinnuleysisbótum. Sá hópur sem ekki á rétt á atvinnuleysisbótum og fær fjárhagsaðstoð til framfærslu telst því ekki með í tölum um atvinnuleysi. Á mynd 5 sést hlutfall atvinnuleysis samkvæmt gögnum Vinnumálastofnunar á bláu súlunum annars vegar. Rauðu súlurnar sýna hins vegar atvinnuleysið ef taldir eru með þeir sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu og eru atvinnulausir án bótaréttar. Munurinn er 0,5% alls, en er nokkuð mismunandi eftir þjónustuvæðum, mestur í Breiðholti þar sem atvinnuleysi er 4,2% ef atvinnulausir án bótaréttar sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu eru taldir með.

Átaksverkefni og stuðningur til virkni við notendur fjárhagsaðstoðar

Stuðningur til virkni við notendur fjárhagsstoðar er mikilvægur til að viðhalda færni til þátttöku á vinnumarkaði. Í kjölfar efnahagskreppunnar árið 2008 greip velferðarsvið til margvíslegra aðgerða m.a. vegna þeirra miklu aukningar sem varð á fjölda einstaklinga sem leitaði eftir fjárhagsaðstoð til framfærslu. Þessi vinna hefur þróast og breyst undanfarin ár en ætíð verið með það að markmiði að stuðla að valdeflingu og efla einstaklinga til að komast í virkni og viðhalda færni til þátttöku á vinnumarkaði.

Virkniráðgjafar voru ráðnir á þjónustumiðstöðvarnar í upphafi árs 2010, 6 starfsmenn í 5,25 stöðugildum sem áttu að þjónusta ungt fólk á aldrinum 18-24 ára. Í upphafi árs 2014 var bætt við 3

stöðugildum á þremur stærstu þjónustumiðstöðvunum og í framhaldi af því voru efri aldursmörk færð í 30 ár. Markmiðið var að auka og bæta þjónustu við atvinnuleitendur án atvinnuleysisbótaréttar og ná enn frekar utan um stækkandi hóp atvinnulausra meðfjárhagsaðstoð til framfærslu. Í dag er fjöldi stöðugilda virkniráðgjafa 8,25 og þjónusta veitt óháð aldri.

Samstarf velferðarsviðs og Vinnumálastofnunar.

Um áramótin 2014-2015 voru Atvinnutorg í Reykjavík og Stígur sameinuð í sérstaka ráðgjafardeild hjá Vinnumálastofnun sem sinnir langtímaatvinnulausum og atvinnuleitendum án bótaréttar. Öllum atvinnuleitendum er nú vísað á einn stað sem er til einföldunar fyrir alla hlutaðeigandi. Þá er auðveldara að kaupa úrræði þar sem hópurinn er orðinn stærri og það hefur aukið hagræði í för með sér. Þá má segja að þjónustan við hópinn sé orðin heildstæðari en áður því að gera má ráð fyrir að þjónustuþegar frá borginni séu allir að fá sömu einstaklingsmiðuðu þjónustuna þar sem sömu kröfur eru gerðar.

Alls voru 127 einstaklingar, sem vísað var í þjónustu í Atvinnutorg og Stíg á árunum 2012 til 2014, enn í þjónustu þegar nýja deildin tók til starfa. Á árinu 2015 voru 583 notendur fjárhagsaðstoðar í þjónustu VMST. Þar af voru 124 einstaklingar sem höfðu byrjað í þjónustu á árinu 2014. Nýjar tilvísanir á árinu voru 459, 262 fóru í vinnu og 6 í nám. 186 einstaklingar fóru á almennan vinnumarkað þar af voru gerðir 48 starfsþjálfunarsamningar, 76 fóru í starf hjá Reykjavíkurborg þar af 71 í gegnum Atvinnumáladeild Reykjavíkurborgar.

Atvinnumáladeild.

Reykjavíkurborg setti árið 2012 á laggirnar sérstaka atvinnumáladeild sem hefur umsjón með atvinnutengdum úrræðum og vinnumiðlun sérstakra starfa, þar með töldum sumarstörfum sem tilkomin eru vegna aukafjárveitinga, ráðgjöf og námskeiðum fyrir atvinnuleitendur. Í lok ársins 2014 hafði 402 einstaklingum verið vísað til Atvinnumáladeildar Reykjavíkurborgar þar af voru 267 námsmenn vegna sumarstarfa. Á árinu 2014 fóru 233 einstaklingar í atvinnu gegnum tilvísun til Stígs, Atvinnumáladeildar eða Atvinnutorgs. Af þeim fóru 140 í starf án styrks eða 60%. Sumarið 2015 mættu 155 námsmenn í viðtal hjá atvinnumáladeild. Þar af voru 123 sem höfðu haft námsaðstoð síðast liðinn vetur og 32 námsmenn milli anna. Alls voru 75 ráðnir í vinnu en 39 fengu starf á almennum vinnumarkaði.

Óvinnufærir sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu. Í mars 2014 var sett á fót færniteymi sem hefur það markmið að þróa og samræma vinnubrögð og vinna að bættum hag sjúklinga sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu. Áhersla er á einstaklingsmiðaðan stuðning og notendasamráð, meðal annars með notkun matstækisins „Eigið mat á starfsgetu“ (EMS) þar sem því verður við komið. Leitast er við að gera einstaklingsáætlanir í málum en jafnframt er lögð áhersla á þátttöku í námskeiðum og samstarf við aðila í heilbrigðisþjónustu.

Velvirk var þróað í samstarfi við Virk starfsendurhæfingarsjóð. Sérhæft matsteymi sem metur vinnufærni viðtakenda fjárhagsaðstoðar sem eru án bótaréttar og hafa óskilgreindan heilsubrest en þurfa engu síður starfsendurhæfingu að mati ráðgjafa til þess að snúa aftur á vinnumarkað. Teymið kom fyrst saman 3. apríl 2014 og hefur fundað reglulega síðan. Árið 2014 var 30 notendum vísað í Velvirk og 12 árið 2015.

SÁÁ og velferðarsvið eru með samning um þjónustu SÁÁ við notendur fjárhagsaðstoðar sem glíma við fíkniefnavanda. Á grundvelli samningsins var ákveðið að ráðgjafar SÁÁ hefðu fasta viðveru á

þjónustumiðstöðvum. Áfengisráðgjafi er með viðveru einu sinni í mánuði á hverri þjónustumiðstöð og það sama á við um viðveru ráðgjafa þjónustumiðstöðvanna á göngudeild SÁÁ. Samtals voru 216 tilvísanir frá þjónustumiðstöðvum í viðtal hjá ráðgjafa SÁÁ á grundvelli þessa samstarf á árinu 2015. Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts 25, Þjónustumiðstöð Breiðholts 42, Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness 18, Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis 45, Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða 59 og Þjónustumiðstöð Vesturbæjar 27.

Grettistak er samvinnuverkefni Tryggingastofnunar ríkisins og félagsþjónustu nokkurra sveitarfélaga. Það er endurhæfingarúrræði fyrir karla og konur 18 ára og eldri sem hafa átt við félagslega erfiðleika og vímuefnavanda að etja. Endurhæfingarferlið er í formi námskeiða, endurmenntunar, þátttöku í fræðslu og hópastarfi. Þátttakendum boðið upp á eftirfylgd í allt að tvö ár eftir að endurhæfingu lýkur. Á árinu 2015 hóf 51 einstaklingur þátttöku í Grettistaki, 11 útskrifuðust á árinu að lokinni 18 mánaða þátttöku og 10 tóku þátt í eftirfylgd.

Tafla 4. Fjöldi þátttakenda í Grettistaki árin 2011-2015

Grettistak	2011	2012	2013	2014	2015
Þátttaka hófst	32	35	55	26	51
Útskrift	13	15	17	27	11
Undirbúningshópar	50	78	69	70	113
Eftirfylgd	22	22	18	17	10

Tafla 5. Fjöldi þeirra sem hófu þátttöku í Grettistaki árið 2015. Skipting eftir aldri og kyni

Aldur	Karl	Kona	Samtals
20-24 ára	9	7	16
25-29 ára	7	3	10
30-39 ára	13	5	18
40-49 ára	3	2	5
50-59 ára	3	0	3
Samtals	35	17	52

Karlasmiðja er endurhæfingarúrræði í fyrir karlmenn á aldrinum 25-45 ára sem glíma við heilsufarsvandamál af andlegum og/eða líkamlegum toga og hafa verið utan vinnumarkaðar. Á árinu 2015 hófu 11 karlar þátttöku í Karlasmiðunni og 9 útskrifuðust eftir 18 mánaða endurhæfingu.

Tafla 6. Fjöldi þátttakenda í Karlasmiðju árin 2011 - 2015


	Árið 2011	Árið 2012	Árið 2013	Árið 2014	Árið 2015
Þátttaka hófst á árinu	6	3	15	0	11
Þátttakendur frá fyrra ári	3	1	13	22	9
Útskriftir á árinu	3	1	0	8	9

Kvennasmiðja er endurhæfingarúrræði fyrir mæður á aldrinum 24-45 ára sem hafa átt við langvarandi félagslega erfiðleika að stríða, hefur gengið illa að fóta sig á vinnumarkaði eða í námi vegna

heilsufarsvanda af andlegum toga og/eða félagslegra aðstæðna. Á árinu 2015 hófu 19 konur þátttöku í Kvennasmiðunni og 6 útskrifuðust eftir 18 mánaða endurhæfingu.

Tafla 7. Fjöldi þátttakenda í Kvennasmiðju árin 2011 - 2015

	Árið 2011	Árið 2012	Árið 2013	Árið 2014	Árið 2015
Þátttaka hófst á árinu	18	12	13	15	19
Þátttakendur frá fyrra ári	10	16	10	7	8
Útskriftir á árinu	9	16	8	7	6



Mynd 6. Hlutfall kvenna sem útskrifaðist úr Kvennasmiðjunni og fær ekki fjárhagsaðstoð til framfærslu 12 mánuðum eftir útskrift.

Á árunum 2002-2015 hafa 173 konur útskrifast úr Kvennasmiðjunni. Hlutfall þeirra sem ekki fá fjárhagsaðstoð til framfærslu 12 mánuðum eftir útskrift hefur verið nokkuð mismunandi eftir hópum en er 64% að meðaltali árin 2005-2015.

Fjölsmiðjan

Reykjavíkurborg kemur að rekstri Fjölsmiðjunnar ásamt öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Fjölsmiðjan er endurhæfingarúrræði fyrir ungt fólk á aldrinum 16-24 ára sem hefur flosnað upp úr námi, gengið illa að fóta sig á vinnumarkaði og þarfnast sérstaks stuðnings. Á árinu 2015 greiddi Reykjavíkurborg fyrir 61 ungmenni í Fjölsmiðjuna, 20 konur og 41 karl.

Tafla 8. Fjöldi þátttakenda í Fjölsmiðjunni árið 2015, skipt eftir aldri og kyni.

Aldur	Karl	Kona	Samtals
16	1		1
17	12	10	22
18	7	2	9
19	10	3	13
20	4	2	6
21	2	1	3
22	4	2	6
23	1	0	1
Samtals	41	20	61

Úttekt á færniteymi

Úttekt var gerð á færniteyminu í desember 2015 og janúar 2016 þar sem gerð var tölfræðigreining tekin upplýsingaviðtöl við starfsmenn teymisins ásamt símaviðtali og rýnihópaviðtali við fyrrum notendur fjárhagsaðstoðar með þjónustu teymisins. Helstu niðurstöður hennar eru að 177 einstaklingar af 439 sem voru skráðir í teymið á tímabilinu apríl 2014 - ágúst 2015 voru í lok ágúst 2015 ekki lengur með fjárhagsaðstoð eða 40%. Flestir sem nutu þjónustu teymisins á tímabilinu voru á aldrinum 20-39 ár eða 81%. Af þeim 439 sem nutu þjónustu teymisins voru 44% skráðir með sögu um vanda vegna neyslu áfengis og/eða annarra vímuefna og 62% skráðir með geðrænan vanda. Rúmlega helmingur hafði verið með fjárhagsaðstoð samfleytt í 6 mánuði eða lengur, á það við bæði þá sem voru hættir með fjárhagsaðstoð og voru áfram með fjárhagsaðstoð.

Í samtali við notendur kom fram ánægja með þjónustu sérfræðinganna en að sama skapi kalla þeir eftir meiri þjónustu. Sem dæmi nefndu nokkrir viðmælendur að þeim hefði ekki staðið sálfræðiþjónusta til boða, og þeir viðmælendur sem hittu sálfræðing hefðu flestir viljað hitta hann oftar. Einnig kom fram að viðmælendur hefðu viljað fara á fleiri námskeið en þeim stóð til boða. Einnig hefðu þeir viljað taka „eigið mat á starfsgetu“ (EMS-matið) en aðeins einum af fjórum viðmælendum í rýnihópnum var boðið að taka það. Viðmælendur í símaviðtölunum mundu ekki eftir að hafa tekið EMS-mat.

Viðmælendur sögðu að í upphafi þjónustunnar hefðu þeir fengið litlar upplýsingar um þá þjónustu sem þeim stóð til boða á þjónustumiðstöðinni. Einnig var nefnt að þjónusta sálfræðinganna hefði mátt vera betur auglýst. Flestir viðmælendur sögðu hins vegar að þeir hefðu fengið viðeigandi og fullnægjandi upplýsingar hjá ráðgjafanum sínum þegar þjónustan var hafin. Hvað upplýsingagjöf varðar, bentu viðmælendur í rýnihópnum enn fremur á að heimasíður þjónustumiðstöðvanna mættu vera meira upplýsandi. Í samtali við viðmælendur kom fram að gerð samkomulags um félagslega ráðgjöf er óskýrt í huga margra. Þeir voru almennt ekki með það á hreinu hvort þeir skrifuðu undir samkomulag um félagslega ráðgjöf eða ekki, en fimm af ellefu viðmælendum mundu örugglega eftir því að hafa skrifað undir slíkt samkomulag. Hins vegar sýndi eftirgrennslan úttektaraðila í Málaskrá að allir viðmælendur, fyrir utan einn, voru með skráð samkomulag frá árunum 2013–2015.

Almennt leið viðmælendum ekki vel með að þiggja fjárhagsaðstoð til framfærslu og litu á hana sem tímabundna aðstoð. Samkvæmt nokkrum viðmælendum var jákvæðan árangur af þjónustunni meðal annars því að þakka að hafa farið í meðferð og hætt notkun áfengis og/eða vímuefna. Einnig var nefnt að þrýstingur sérfræðinganna um að fara út á vinnumarkað hafi skipt máli. Samkvæmt viðmælendum í símaviðtölunum hafði þjónusta sérfræðinganna jákvæð áhrif á andlega vellíðan þeirra. Samkvæmt flestum þeirra hafði þjónustan engin áhrif á líkamlega vellíðan þeirra. Flestir viðmælendur sögðu þjónustu sérfræðinganna ekki haft nein áhrif á tækifæri þeirra á vinnumarkaðnum. Þrír viðmælendurnir sögðu þjónustuna hafa haft áhrif á félagslega stöðu sína en nefnt var að þjónustan hefði rofið einangrun þeirra. Viðmælendur hættu að nýta sér þjónustu sérfræðinganna af margvíslegum ástæðum; tveir fóru á örorkubætur, einn fór í frekara nám, átta fóru út á vinnumarkaðinn og einn uppfyllti ekki skilyrði fyrir áframhaldandi rétt til fjárhagsaðstoðar. Að sögn allra, fyrir utan eins, batnaði fjárhagur þeirra eftir að þeir hættu að nýta sér þjónustu færniteymisins.

Viðmælendur í rýnihópnum sem höfðu farið í meðferð vegna vímuefnavanda sögðu að andleg og líkamleg líðan þeirra hefði almennt batnað í kjölfar meðferðar og að þau hafi orðið vinnufær fljótlega eftir að hafa hætt neyslu og notið ráðgjafar í tengslum við áfengis- og/eða vímuefnavanda þeirra. Viðmælendur í rýnihópnum og í símaviðtölunum sem höfðu farið í meðferð sögðu að neysla hefði hindrað þá í að nýta sér þá þjónustu sem var í boði, t.a.m. sálfræði- og ráðgjafaviðtöl og námskeið. Viðmælendur í rýnihópnum sögðu að þeir hefðu ekki getað náð þeim markmiðum sem þeir hefðu náð, eins og að vera í fullu starfi á hinum almenna vinnumarkaði, ef þau hefðu haldið áfram í neyslu.

Ítarupplýsingar vegna fjárhagsaðstoðar hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar

*Fjöldi íbúa í Reykjavík
Atvinnuleysi
Fjárhagsaðstoð
Námsstyrkur
Heimildargreiðslur
Fjárhagsaðstoð vegna
skertra lífeyrisréttinda*

*Menntun
Aldur íbúa
Fjárhagsaðstoð til framfærslu
Fjárhagsaðstoð vegna barna
Fjárhagsaðstoð til ungmenna 18-24 ára
Rannsóknir og félagsvísar*

Fjöldi íbúa í Reykjavík í árslok árin 2009-2015

Tafla 9. Fjöldi íbúa í Reykjavík í árslok 2009-2015. Skipting eftir þjónustusvæðum

Þjónustumiðstöð	Árið 2009	Árið 2010	Árið 2011	Árið 2012	Árið 2013	Árið 2014	Árið 2015	Breyting 2009- 2015
Vesturbær	15.692	15.696	15.570	15.692	15.941	16.116	16.105	2,6%
Miðborg og Hlíðar	18.157	18.368	18.270	18.128	18.277	18.185	18.251	0,5%
Laugardalur, Háaleiti og Bústaðir	28.968	29.294	29.447	29.752	30.151	30.246	30.290	4,6%
Breiðholt	20.680	20.512	20.491	20.669	20.917	20.974	21.222	2,6%
Árbær og Grafarholt	15.673	15.924	16.081	16.433	16.797	17.112	17.374	10,9%
Grafarvogur og Kjalarnes	18.841	18.786	18.667	18.748	18.770	18.776	18.759	-0,4%
Annað	315	318	288	342	377	413	459	45,7%
Samtals	118.326	118.898	118.814	119.764	121.230	121.822	122.460	3,5%


Tafla 9 sýnir fjölda íbúa í Reykjavík miðað við árslok árin 2009-2015 skipt eftir þjónustusvæðum. Jafnframt sést hlutfallsleg breyting milli árunna 2009 og 2015. Eins og vænta má er fjölgunin mest í hverfum þjónustumiðstöðvarinnar í Árbæ og Grafarholti (10,9%), þar sem nýbyggingarsvæðin eru, en einnig er talsverð fjölgun á þjónustusvæði þjónustumiðstöðvar Laugardals Háleitis og Bústaða (4,6%).

Tafla 10. Hlutfall barna 17 ára og yngri af íbúum í Reykjavík í árslok árin 2009-2015.

Skipting eftir þjónustusvæðum.	Árið	Árið	Árið	Árið	Árið	Árið	Árið
	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
	% af íb.	% af íb.	% af íb.	% af íb.	% af íb.	% af íb.	% af íb.
Þjónustumiðstöð							
Vesturbær	22,6%	22,5%	22,5%	22,6%	22,6%	22,6%	22,5%
Miðborg og Hlíðar	17,1%	17,2%	17,1%	17,3%	17,7%	17,4%	17,0%
Laugardalur, Háaleiti og Bústaðir	21,1%	21,3%	21,0%	21,1%	21,3%	21,3%	21,2%
Breiðholt	24,0%	23,7%	23,5%	23,2%	23,0%	22,7%	22,4%
Árbær og Grafarholt	28,1%	28,0%	28,0%	28,3%	28,1%	27,7%	27,6%
Grafarvogur og Kjalarnes	28,0%	27,3%	26,2%	25,5%	25,0%	24,4%	23,7%
Annað	8,9%	11,0%	12,2%	11,1%	12,2%	10,7%	8,7%
Samtals	23,2%	23,0%	22,8%	22,8%	22,7%	22,5%	22,2%

Hlutfall barna af heildarfjölda íbúa í Reykjavík er um 23% árin 2009-2013 en fer síðan lækkandi og er 22,5% árið 2014 og 22,2% árið 2015. Hæst er hlutfall barna árið 2015 í Árbæ og Grafarholti (27,6%), en lægst í Miðborg og Hlíðum (17,0%). Á þessu árabili hefur hlutfall barna lækkað mest í Grafarvogi og Kjalarnesi úr 28% árið 2009 í 23,7% árið 2015. Einnig lækkar hlutfall barna í Breiðholti úr 24% í 22,4%. Í Miðborg og Hlíðum hækkaði hlutfall barma úr 17,1% árið 2009 í 17,7% árið 2013 en hefur lækkað aftur og er 17,0% árið 2015.

Menntun




Mynd 7. Menntunarstig í Reykjavík skipt eftir þjónustusvæðum

Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 7 sýnir menntunarstig íbúa Reykjavíkur eldri en 15 ára, samkvæmt upplýsingum sem unnar eru úr niðurstöðum úr manntali Hagstofunnar sem gert var árið 2011. Íbúar sem eru með grunnskólamenntun eða minna eru 35% íbúa Reykjavíkur og eru þeir jafn hátt hlutfall og þeir sem eru með menntun á framhaldsskólastigi. Þeir sem eru með menntun á háskólastigi eru 30% íbúa. Töluverður munur er á menntunarstigi íbúa eftir þjónustusvæðum. Hlutfall íbúa með háskólamenntun er hæst í Vesturbæ 43% en lægst í Breiðholti 19%. Sá munur endurspeglast líka í

hlutfalli þeirra sem eru með grunnskólamenntun eða minna. Hlutfall íbúa með menntun á framhaldskólastigi er á bilinu 32% - 37%, mismunandi eftir þjónustusvæðum.




Mynd 8. Menntunarstig notenda sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu árið 2015


Eins og sést á mynd 8 eru 58% notenda sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu með grunnskólamenntun eða minna samanborið við 35% hjá íbúum Reykjavíkur. Mynd 8 er þó ekki alveg sambærileg við mynd 7 því hér er um að ræða einstaklinga sem eru 18 ára og eldri en mynd 7 miðast við 15 ára og eldri. Mismunur á menntunarstigi notenda fjárhagsaðstoðar og íbúa Reykjavíkur í heild er því jafnvel enn meiri í raun en þessar tölur gefa til kynna. Í Félagsvísunum Velferðarráðuneytisins og Hagstofu Íslands kemur fram að hlutfall fólks á vinnumarkaði (starfandi og atvinnulausir) sem eingöngu hefur grunnenntun er 31,8% hjá körlum og 32,6% hjá konum. Hjá atvinnuleitendum er hlutfallið hærra en hjá heildinni en það er 52,5% hjá körlum og 47,1% hjá konum. (Félagsvísar þriðja útgáfa Velferðarráðuneytið og Hagstofa Íslands 2014). Menntunarstig atvinnuleitenda og notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu er semsagt lægra en heildarhópsins. Þegar hópur notenda sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu er skoðaður með tilliti til ríkisfangs kemur í ljós að menntunarstig erlendra ríkisborgara er hærra en íslenskra. Hlutfall íslenskra ríkisborgara sem hafa menntun á framhalds- eða háskólastigi er 42% en hlutfall erlendra 48%.

Atvinnuleysi

Atvinnuleysi tók að aukast í september 2008 og náði hámarki fyrri hluta árs 2009. Á mynd 9 sést hvernig atvinnuleysi í Reykjavík hefur þróast miðað við stöðuna í árslok árin 2007-2015. Skráð atvinnuleysi í Reykjavík í desember 2015 var 2,8% en var 3,5% í desember 2014. Frá árinu 2008 til 2012 var atvinnuleysi kvenna minna en karla en árin í árslok 2013 atvinnuleysi karla og kvenna jafnmikið. Í desember 2015 er atvinnuleysi kvenna 2,9% en atvinnuleysi karla 2,7%.




Mynd 9. Atvinnuleysi í Reykjavík í árslok árin 2007-2015.




Mynd 10. Hlutfallsleg skipting vinnuafli og atvinnulausra í Reykjavík í desember 2015 eftir póstnúmerum

Á mynd 10 má sjá hvernig fjöldi atvinnulausra í Reykjavík og vinnuafli þ.e. fjöldi íbúa á aldrinum 18-69 ára skiptist eftir póstnúmerum í Reykjavík. Myndin sýnir að hlutfall atvinnulausra er talsvert hærra en hlutfall vinnuafli í póstnúmerum 111, 105 og 101.



Mynd 11. Atvinnuleysi karla í Reykjavík í desember árin 2010-2015, skipting eftir aldursflokkum



Mynd 12. Atvinnuleysi kvenna í Reykjavík í desember árin 2010-2015, skipting eftir aldursflokkum

Fjárhagsaðstoð

Í reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg, í borgarráði 18. desember 2014, 1. grein er fjallað um inntak fjárhagsaðstoðar:

Inntak fjárhagsaðstoðar: Skylt er að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar, sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum, sbr. og III. kafla reglna þessara.

Heimilt er að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð vegna sérstakra aðstæðna, m.a. vegna heimilisstofnunar, náms eða óvæntra áfalla, sbr. IV. kafla reglna þessara.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi, í samræmi við 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, sbr. og 16. og 17. gr. þessara reglna.

Jafnan skal kanna til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslna, þar með talið frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, svo og skal kanna rétt til aðstoðar

samkvæmt lögum um námsstyrki. Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði velferðarráðs, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar, í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Í 11. grein reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg frá 7. janúar 2016, eru tilgreindar upphæðir aðstoðarinnar fyrir árið 2016. Þær eru mismunandi með tilliti til húsnæðisstöðu og grunnfjárhæð til einstaklings getur er á bilinu 90.275 kr. til 180.550 kr. og grunnfjárhæð til hjóna/sambúðarfólks getur numið allt að 270.825 kr.


Aðstoðin er óháð barnafjölda, þar sem reiknað er með að barnabætur, meðlög og barnalífeyrir mæti kostnaði vegna barna. Vaxtabætur og húsaleigubætur mæta mismunandi kostnaði vegna húsnæðis.

Tafla 11 sýnir fjölda notenda fjárhagsaðstoðar árin 2007 - 2015 skipt eftir tegund aðstoðar. Notendum hefur fjölgað ár frá ári frá árinu 2007 en fækkar í fyrsta skipti síðan þá árið 2014 og aftur 2015. Yfir heildina fækkaði notendum árið 2015 um 10,1% frá árinu 2014. Fækkun notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu milli árána 2014-2015 er 11,3%. Fjárhagsaðstoð til framfærslu er algengasta tegund fjárhagsaðstoðar og er veitt til 80% notenda sem fá fjárhagsaðstoð af einhverju tagi.

Tafla 11. Fjárhagsaðstoð árin 2007-2015. Fjöldi notenda skipt eftir tegund fjárhagsaðstoðar

Tegund fjárhagsaðstoðar	Árið 2007	Árið 2008	Árið 2009	Árið 2010	Árið 2011	Árið 2012	Árið 2013	Árið 2014	Árið 2015
Fjárhagsaðstoð til framfærslu	1.656	1.876	2.487	2.924	3.285	3.295	3.350	3.269	2.898
Sérstök aðstoð vegna stuðningsvinnu skv. gr. 27 a	294	365	307	319	562	492	518	451	509
Innritunargjöld og bóka kostnaður	262	268	304	356	492	476	493	442	413
Framfærsla v/náms	252	231	267	312	420	443	424	398	335
Aðstoð vegna barna 16 gr. A	156	148	205	308	379	398	413	462	412
Aðstoð v. barna skv. 16 gr. A Skólabyrjun/Jólahald			338	324	356	380	405	384	326
Aðstoð - meðf./stuðn. skv. 16.gr. B	336	320	256	254	245	249	218	233	206
Sérstök aðstoð vegna stuðningsvinnu skv. gr. 27 c						154	174	224	175
Tannlæknastyrkur	77	78	74	111	126	145	155	162	156
Styrkur v/fyrirframgr. húsaleigu	154	172	137	116	137	143	151	126	125
Sérfræðiaðstoð	207	194	168	142	145	142	149	125	123
Húsbúnaðarstyrkur	71	66	78	92	94	103	105	105	104
Barnavernd - Vistun barns utan heimilis	51	42	56	62	73	64	85	83	82
Barnavernd - Tímstundir barna	42	50	48	99	73	64	84	67	62
Útfararstyrkur	45	62	85	62	62	69	76	55	53
Styrkir v/sérstakra erfiðleika	126	165	155	123	102	102	74	92	86
Sérstök aðstoð vegna stuðningsvinnu skv. gr. 27 b						86	64	47	46
Barnavernd - Leikskólagjöld o.fl.	33	24	34	40	44	44	29	30	33
Styrkur til geymslu búslóða	20	17	14	11	11	12	26	16	9
Dvöl barns utan heimilis (6 mán) 16.gr.C	4	3	1	3	3	10	3	4	4
Áfallaaðstoð	17	15	4	4	10	4	2	2	3
Námskostn. barna í skóla fjarri heimabyggð			1	1	2	1	0	2	3
Sumarstyrkur vegna barna				395					
Samtals fjöldi heimila	2.491	2.774	3.289	3.704	4.112	4.133	4.218	4.088	3.677
Breyting milli ára		11,4%	18,6%	12,6%	11,0%	0,5%	2,1%	-3,1%	-10,1%
Fjárhagsaðstoð til framfærslu, breyting milli ára		13,3%	32,6%	17,6%	12,3%	0,3%	1,7%	-2,4%	-11,3%

Á mynd 13 má sjá heildarfjölda notenda sem fékk fjárhagsaðstoð (allar tegundir) skipt eftir mánuðum og þjónustumiðstöðvum frá janúar 2010 til desember 2015.



Mynd 13. Heildarfjöldi notenda sem fékk fjárhagsaðstoð (allar tegundir) árin 2010-2015, skipt eftir mánuðum og þjónustumiðstöðvum.

Tafla 12. Heimildagreiddslur. Fjöldi notenda árin 2007-2015, skipt eftir fjölskyldugerð.

Fjölskyldugerð	Árið 2007	Árið 2008	Árið 2009	Árið 2010	Árið 2011	Árið 2012	Árið 2013	Árið 2014	Árið 2015
Einhleypur karl	353	427	429	465	598	614	690	639	635
Einhleyp kona	256	310	318	349	386	412	406	356	364
Einstæður faðir	27	27	46	56	54	53	44	37	40
Einstæð móðir	633	599	636	792	747	776	801	744	659
Hjón/sambýlisfólk barnlaus	19	20	14	21	33	32	29	35	44
Hjón/sambýlisfólk með börn	100	84	92	131	118	139	160	136	133
Samtals	1.388	1.467	1.535	1.814	1.936	2.026	2.130	1.947	1.875

Tafla 13. Heildarfjöldi notenda sem fékk fjárhagsaðstoð (allar tegundir) á árinu 2015, skipt eftir aldri og atvinnustöðu.

Aldur	Atvinnulaus		Í fæðingar- í launaðri orlofi		Nemi	Sjúklingur	Lífeyrisþegi*	Annað	Samtals
	án bótaréttar	með bótarétt	orlofi	vinnu					
18-19 ára	63	6	5	5	57	35	3	7	181
20-24 ára	175	55	29	40	121	243	33	0	696
25-29 ára	221	39	21	52	61	229	37	0	660
30-39 ára	298	46	11	87	39	340	113	2	936
40-49 ára	185	33	1	61	7	177	108	3	575
50-59 ára	102	17	0	32	1	115	103	0	370
60-66 ára	47	6	0	5	0	40	57	0	155
67 ára og eldri	0	0	0	0	0	0	104	0	104
Samtals	1.091	202	67	282	286	1.179	558	12	3.677

* Öryrki, endurhæfingarlífeyrir, ellilífeyrir

Í töflu 13 má sjá að heildarfjöldi notenda sem fékk einhverja tegund fjárhagsaðstoðar árið 2015 var 3.677, en fjöldi þeirra var 4.088 árið 2014. Eins og sjá má er tæpur fjórðungur notenda yngri en 25 ára og rúmlega 68% notenda eru yngri en 40 ára.


Tafla 14. Fjöldi notenda í desember 2015, sem hafði fengið fjárhagsaðstoð (af einhverri tegund) í 12 mánuði eða lengur

Aldur	Atvinnulaus		Í fæðingar- orlofi	Í launaðri vinnu	Nemi	Sjúklingur	Lífeyrisþegi*	Samtals
	án bótaréttar	með bótarétt						
18-19 ára	5	0	1	3	4	0	13	
20-24 ára	15	2	6	29	56	0	109	
25-29 ára	28	1	3	18	74	1	126	
30-39 ára	32	3	1	9	94	6	147	
40-49 ára	32	1	1	2	54	2	94	
50-59 ára	20	4	0	0	36	10	70	
60-66 ára	8	0	0	0	11	10	29	
67 ára og eldri	0	0	0	0	0	32	32	
Samtals	140	11	12	61	329	61	620	

* Öryrki, endurhæfingarlífeyrir, ellilífeyrir

Í töflu 14 má sjá fjölda notenda í desember 2015 sem hafði fengið fjárhagsaðstoð af einhverri tegund í 12 mánuði eða lengur, sundurgreint eftir aldri og atvinnustöðu. Langtímanotendur er fyrst og fremst að finna í hópi óvinnufærra og atvinnuleitenda.


Frá árinu 2009 til 2014 hefur orðið aukning á fjölda og hlutfalli notenda sem hafa fengið fjárhagsaðstoð í 12 mánuði samfleytt en árið 2008 voru þeir 180 eða 6% notenda. Árið 2015 voru þeir hins vegar 620 eða 15% notenda en hafði þó fækkað dálítið frá 2014. Í þessum tölum er miðað við allar tegundir fjárhagsaðstoðar sem umsækjendur hafa fengið skv. reglum um fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar.



Mynd 14. Fjárhagsaðstoð (allar tegundir) árin 2003-2015 eftir fjölda mánaða sem aðstoð er veitt


Fjárhagsaðstoð til framfærslu

Fjárhagsaðstoð er veitt til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna. Rétt á fjárhagsaðstoð eiga þeir sem eiga lögheimili í Reykjavík og hafa tekjur undir ákveðnum viðmiðunarmörkum. Aðstoðin er óháð barnafjölda, þar sem reiknað er með að barnabætur, meðlög og barnalífeyrir mæti kostnaði vegna barna. Vaxtabætur og húsaleigubætur mæta mismunandi kostnaði vegna húsnæðis. Fjárhagsaðstoð til framfærslu var veitt til 2.898 einstaklinga og fjölskyldna árið 2015 samanborið við 3.269 árið 2014 og er það fækkun um 371 notanda eða 11,3%.




Mynd 15. Fjárhagsaðstoð til framfærslu. Fjöldi notenda árin 2007-2015

Eins og sést á mynd 15 hefur þeim sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu fjölgað milli ára allt frá árinu 2007-2013. Notendum fækkar hins vegar milli áráanna 2013 og 2014 í fyrsta sinn frá árinu 2007 um 2,4% og svo aftur um 11,3 % frá 2014 til 2015.




Mynd 16. Fjárhagsaðstoð til framfærslu. Fjöldi notenda árin 2007-2015 skipting eftir fjölskyldugerð




Mynd 17. Fjárhagsaðstoð til framfærslu. Fjöldi notenda árið 2015 skipt eftir tegund húsnæðis.

Tæplega 30% þeirra notenda sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu árið 2015 leigðu íbúð á almennum leigumarkaði og rúm 23% þeirra dvöldu hjá öðrum.



Mynd 18. Fjárhagsaðstoð til framfærslu árin 2007-2015. Fjöldi notenda, skipting eftir þjónustumiðstöðvum



Mynd 19. Fjárhagsaðstoð til framfærslu. Hlutfallsleg fjölgun notenda frá því á árinu 2007. Skipting eftir þjónustumiðstöðvum.

Eins og sést á mynd 19 hefur fjölgaði notendum fjárhagsaðstoðar til framfærslu frá árinu 2007 allt til ársins 2013 en árið 2014 er fækkun notenda frá árinu 2013 og síðan meiri fækkun árið 2015. Hlutfallslega hefur fjölgun notenda orðið mest í Árbæ og Grafarholti. Eins og fram kemur í töflu 9 hefur fjölgun íbúa einnig orðið mest þar enda eru svæði í uppbyggingu innan þess hverfis.

Tafla 15. Fjárhagsaðstoð til framfærslu árin 2007-2015. Fjöldi notenda skipt eftir atvinnustöðu.

Atvinnustaða	Árið 2007	Árið 2008	Árið 2009	Árið 2010	Árið 2011	Árið 2012	Árið 2013	Árið 2014	Árið 2015
Atvinnulaus án bótaréttar	417	563	776	1.036	1.021	1.162	1.366	1.249	1.025
Atvinnulaus með bótarétt	123	178	524	670	868	692	428	311	187
Ellilífeyrisþegi	20	19	25	32	34	38	42	50	58
Í fæðingarorlofi/Annað	51	45	64	57	60	71	69	86	59
Í launaðri vinnu - fullt starf	102	70	56	60	52	58	64	134	96
Í launaðri vinnu - hlutastarf	26	30	41	40	75	84	95	78	68
Með endurhæfingarlífeyri	15	21	48	43	40	33	40	42	67
Nemi	131	143	223	289	302	260	230	180	162
Sjúklingur	699	722	651	629	755	836	948	1.060	1.085
Öryrki	72	85	79	64	78	61	68	79	91
Samtals	1.656	1.876	2.487	2.920	3.285	3.295	3.350	3.269	2.898

Atvinnulausum án bótaréttar sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu fjölgaði á hverju ári frá árinu 2007 til ársins 2013 en fækkaði síðan um 9% milli ára 2013-2014 og fækkar aftur um 18% milli ára 2014-2015. Fjöldi atvinnulausra með bótarétt þrefaldaðist milli ára 2008-2009 og árið 2011 voru þeir sex sinnum fleiri en árið 2007. Þeim fer fækkandi frá árinu 2012 og fækkar um 27% milli ára 2013-2014 og um tæp 40% milli ára 2014-2015. Atvinnulausum með og án bótaréttar fækkar um 13% milli ára 2013-2014 og um 22% milli ára 2014-2015. Þeir sem eru skráðir í fullu starfi eru notendur sem eru nýkomnir í starf, en hafa ekki fengið laun þar af leiðandi um millibilsástand að ræða.

Þann 1. janúar 2013 féll úr gildi bráðabirgðaákvæði við lög um atvinnuleysistryggingar um fjögurra ára bótarétt. Við þá breytingu misstu tæplega 900 Reykvíkingar bótarétt sinn hjá Vinnumálastofnun og aðrir 600 fullnýttu fjögurra ára bótarétt sinn í lok árs 2012. Rekja má fjölgun atvinnulausra sem fá

fjárhagsaðstoð til framfærslu til þessara breytinga en fjölgun þeirra var þó ekki eins mikil og búist var við og gætir þar áhrifa atvinnuátaksverkefna og jafnframt minnkandi atvinnuleysis.


Þó notendum fækki í heildina um 2% milli ára 2013 - 2014 þá fjölga sjúklingum um 12% á sama tíma. Hlutfall sjúklinga af heildarfjölda notenda hefur þó ekki orðið hærra en árið 2007 þegar það var 42% en var það 32% árið 2014 og 35% árið 2015.

Tafla 16. Fjárhagsaðstoð til framfærslu árið 2015. Fjöldi notenda skipt eftir aldri og atvinnustöðu.

Aldur	Atvinnulaus án bótaréttar	Atvinnulaus með bótarétt	Í fæðingarorlofi	Í launaðri vinnu	Nemi	Sjúklingur	Lífeyrisþegi*	Samtals
18-19 ára	34	6	5	3	21	34	1	104
20-24 ára	168	53	27	32	64	231	23	598
25-29 ára	212	36	20	40	44	214	19	585
30-39 ára	286	40	6	40	29	312	35	748
40-49 ára	179	29	1	28	4	154	23	418
50-59 ára	99	17	0	16	0	103	33	268
60-66 ára	47	6	0	5	0	37	25	120
67 ára og eldri	0	0	0	0	0	0	57	57
Samtals	1.025	187	59	164	162	1.085	216	2.898

* Öryrki, endurhæfingarlífeyrir, ellilífeyrir

Í töflu 16 má sjá að 2.035 eða 70% notenda eru yngri en 40 ára, 1.287 eða 44% eru yngri 30 ára og 702 eða 24% eru yngri en 25 ára. Notendur sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu vegna atvinnuleysis voru 1.212 eða 42% af heildarfjölda notenda. Þar af voru 1.025 notendur án bótaréttar.



Mynd 20. Hlutfall notenda á aldrinum 18-24 ára af heildarfjölda notenda sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu í Reykjavík árin 2000-2015.


Eins og sést á mynd 20 var hlutfall notenda yngri en 25 ára 25% árið 2015 og hefur það ekki verið lægra á því árabili sem myndin sýnir. Hlutfall notenda sem eru á aldrinum 20-24 ára er 21% árið 2014 og hefur ekki verið jafn lágt á þessu árabili. Hlutfall 18-19 ára er einnig lægra árin 2014 og 2015 en áður á þessu árabili.

Tafla 17. Fjöldi notenda í desember 2015, sem hafði fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu í 12 mánuði eða lengur. Skipting eftir aldri og atvinnustöðu.

Aldur	Atvinnulaus án bótaréttar	Atvinnulaus með bótarétt	Í fæðingar-orlofi	Í launaðri vinnu	Nemi	Sjúklingur	Lífeyrisþegi*	Samtals
18-19 ára	1		1	0	1	3	0	6
20-24 ára	9	2	4	1	2	42	0	60
25-29 ára	25	1	2	1	1	66	1	97
30-39 ára	28	2	1	1	0	89	5	126
40-49 ára	30	1	1	0	0	49	2	83
50-59 ára	19	4	0	0	0	36	10	69
60-66 ára	8	0	0	0	0	11	10	29
67 ára og eldri	0	0	0	0	0	0	32	32
Samtals	120	10	9	3	4	296	60	502


* Öryrki, endurhæfingarlífeyrir, ellilífeyrir

Atvinnulausir án bótaréttar sem höfðu fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu í 12 mánuði eða lengur í desember 2015 voru 120 og fækkaði þeim um 19% á milli ára en atvinnulausum með bótarétt fækkaði um 7 eða 41% á sama tíma. Sjúklingar sem höfðu fengið framfærslu í 12 mánuði eða lengur í desember 2015 voru 296 og fjölgaði þeim um 6% á milli ára. Fjórtán prósent allra notenda sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu árið 2015 fá aðstoðina alla mánuði ársins. Í hópi sjúklinga eru það hins vegar 25% sem fá aðstoð allt árið.



Mynd 21. Fjárhagsaðstoð til framfærslu 2007-2015. Fjöldi notenda skipt eftir kyni.

Eins og sést á mynd 21 fjölgaði körlum mun meira en konum frá og með árinu 2008 á meðal notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu. Frá árinu 2007 til ársins 2015 hefur körlum fjölgað meira en konum eða um 92%. Konum hefur fjölgað um 57% á sama tímabili. Líklegasta skýringin á því er að hrun efnahagslífsins árið 2008 leiddi til meira atvinnuleysis meðal karla til að byrja með. Atvinnuleysi karla í Reykjavík náði hámarki í mars 2009 og var 13,3% en atvinnuleysi kvenna var á sama tíma 7,3% en varð hæst 8,5% í júlí það ár. Í árslok 2014 var atvinnuleysi karla og kvenna nánast jafn hátt en hlutfall karla meðal notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu hefur ekki lækkað að sama skapi.



Mynd 22. Fjárhagsaðstoð til framfærslu í desember 2014. Fjöldi notenda skipt eftir þjónustumiðstöð og kyni.

Á mynd 22 má sjá að fjöldi notenda sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu í desember 2015 var mestur í Breiðholti og karlar eru fleiri en konur í öllum hverfum. Munurinn er þó lítill í Árbæ og Grafarholti.

Atvinnutorg, samstarfsverkefni velferðarsviðs, Vinnumálastofnunar og velferðarráðuneytis opnaði þann 17. febrúar 2012. Sérstök áhersla var lögð á ungt fólk sem fékk fjárhagsaðstoð til framfærslu og þá sem voru að ljúka bótarétti hjá Vinnumálastofnun og þurftu meiri stuðning. Fyrstu árin veitti Atvinnutorg fólk á aldrinum 16-29 ára þjónustu en aldurstengingin var afnumin í upphafi árs 2014. Árið 2014 fengu 336 einstaklingar þjónustu Atvinnutorgs. Af þeim luku 241 þátttöku/virkni, en 95 voru enn í þjónustu 1. janúar 2015. Hlutfall þeirra sem luku þátttöku/virkni var því 72% og hlutfall þeirra sem luku þátttöku/virkni og fékk starf á almennum vinnumarkaði var tæp 40%.

Stígur var stofnaður sem liður í áframhaldandi þróun og bættri þjónustu við atvinnuleitendur sem fá fjárhagsaðstoð, en samningur milli Vinnumálastofnunar og velferðarsviðs um samstarfsverkefnið var undirritaður 21. mars 2014. Samningurinn kvað á um að starfsmenn Stígs veittu að hámarki 60 atvinnuleitendum án atvinnuleysisbótaréttar þjónustu á hverjum tíma. Í Stíg var gerð krafa um mætingu þrisvar í viku og verkefni ráðgjafa Vinnumálastofnunar var að reyna að miðla atvinnuleitendum í starf á einkamarkaði. Velferðarsvið greiddi styrk með starfi til sex mánaða, sem samsvaraði upphæð fjárhagsaðstoðar til framfærslu (full framfærsla). Á árinu 2014 var 185 einstaklingum vísað í Stíg frá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar frá því að samstarfið hófst með fyrstu tilvísun 25. mars 2014. Af þeim einstaklingum í Reykjavík sem vísað var í Stíg fóru 77 í starf (33 með styrk og 44 án styrks), en 41 einstaklingum var vísað aftur til þjónustumiðstöðva. Hlutfall þeirra sem fóru í starf var því 41,6%.

Eigið mat á starfsgetu (EMS)

Árið 2012 var viðtalsformið eigið mat á starfsgetu (EMS) innleitt í starfsemi þjónustumiðstöðva velferðarsviðs. Haldin hafa verið námskeið fyrir félagsráðgjafa, ráðgjafa og virkniráðgjafa á þjónustumiðstöðvunum á hverju ári síðan. EMS er kerfisbundið viðtalsform sem er ætlað að kortleggja færni, menntun, heilsufar og félagslega stöðu notanda félagslegrar þjónustu. Samantekt

á notkun viðtalsformsins á þjónustumiðstöðvunum árið 2015 sýnir að innleiðing þess gengur hægt. Af 2.839 viðtakendum fjárhagsaðstoðar til framfærslu fengu 143 EMS viðtal eða 5% viðtakenda, sjá töflu 18. EMS er grundvallað á notendasamráði þar sem notandi kortleggur getu sína til að stunda launaða vinnu eða aðra nýtsama virkni með hjálp staðlaðra og hálfopinna spurninga. Kortlagning á eigin starfsgetu hvetur notendur til að skilja möguleika sína til að komast í vinnu eða sjá sjálfum sér farborða og getur þannig styrkt forsendur notenda til að meta eigin getu til vinnu. Viðtalsformið styrkir notendasamráð, hlutverk og ábyrgð þjónustumiðstöðvarinnar ásamt því að auka möguleika á samvinnu við aðila sem koma að málefnum notenda. Með starfsgetu er átt við þá getu/færni sem viðkomandi hefur til að mæta kröfum sem eru settar varðandi vinnu/starf og til daglegra athafna.

Tafla 18. Fjöldi notenda sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu 2015 og fjöldi þeirra og hlutfall sem fóru í EMS viðtal.


Þjónustumiðstöð	Fjárhagsaðstoð til framfærslu	EMS	Hlutfall
Vesturbær	289	27	9,3%
Miðborg og Hlíðar	593	58	9,8%
Laugardalur, Háaleiti og Bústaðir	571	26	4,6%
Breiðholt	742	24	3,2%
Árbær og Grafarholt	335	12	3,6%
Grafarvogur og Kjalarnes	309	8	2,6%
Samtals*	2.839	143	5,0%

*Tekið er tillit til skörunar vegna flutninga milli hverfa

Ungmenni 18-24 ára sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu


Sérstök áhersla hefur verið lögð á þjónustu við ungt fólk á aldrinum 18-24 ára sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu hjá Reykjavíkurborg. Þegar virkniverkefni velferðarsviðs fór af stað í byrjun árs 2010 var boðið upp á þriggja vikna námskeið fyrir ungmenni sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu og í byrjun árs 2011 var innleitt nýtt verklag sem felur í sér að ungmenni á þessu aldursbili þurfa að mæta í viðtal til félagsráðgjafa þegar sótt er um fjárhagsaðstoð og gera áætlun með ráðgjafa. Í mars 2012 tók Atvinnutorg til starfa en það er samstarfsverkefni velferðarsviðs, Vinnuálastofnunar og velferðarráðuneytisins, sem síðar sameinaðist í ráðgjafadeild VMS ásamt Stíg áramótin 2014/2015. Atvinnutorg sinnti ungu fólki 16-30 ára og á árinu 2014 fengu 336 ungmenni þjónustu. Af þeim luku 241 þátttöku/virkni en 95 voru enn í þjónustu 1. janúar 2015. Í lok ársins 2015 höfðu 583 atvinnuleitendur verið í þjónustu ráðgjafadeildar VMST þaraf voru 221 30 ára og yngri.

18-19 ára notendur sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu




Mynd 23. Heildarfjöldi 18 – 19 ára notenda með framfærslu á árunum 2007-2015. Skipting eftir atvinnustöðu.

Mynd 23 sýnir heildarfjölda 18-19 ára notenda sem fékk fjárhagsaðstoð til framfærslu skipt eftir atvinnustöðu. Alls fengu 103 ungmenni á aldrinum 18-19 ára fjárhagsaðstoð til framfærslu árið 2015 sem er fækkun um 36 eða 26% frá árinu áður. Nenum og atvinnuleitendum án bótaréttar fækkaði mest á milli ára.



Mynd 24. Fjöldi 18-19 ára karlar sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu á árunum 2007-2015. Skipting eftir atvinnustöðu.

Mynd 24 sýnir fjölda karla á aldrinum 18-19 ára sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu árið 2015 er skipt eftir kyni og atvinnustöðu. Alls voru 27 karlar atvinnulausir án bótaréttar og 4 karlar voru atvinnulausir með bótarétt.




Mynd 25. Fjöldi 18-19 ára kvenna sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu á árunum 2007-2015. Skipting eftir atvinnustöðu.


Mynd 25 sýnir fjölda kvenna á aldrinum 18-19 ára sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu skipt eftir atvinnustöðu. Alls voru 7 konur atvinnulausar án bótaréttar og með framfærslu árið 2015 og 2 konur með bótarétt.

20-24 ára notendur sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu

Ungmönnum á aldrinum 20-24 ára sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu fækkaði um 17% milli ára 2014 – 2015 og alls fengu 598 ungmenni á þessu aldursbili fjárhagsaðstoð til framfærslu árið 2015 en 719 árið 2014.




Mynd 26. Fjárhagsaðstoð til framfærslu árin 2007-2015. Fjöldi notenda 20 – 24 ára skipting eftir atvinnustöðu.



Mynd 27. Fjöldi 20-24 ára karla með framfærslu á árunum 2007-2015. Skipting eftir atvinnustöðu.

Heildarfjöldi karla á aldrinum 20-24 ára sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu árið 2015 var 274. Þar af voru 95 atvinnulausir án bótaréttar, sem er fækkun um 32% frá fyrra ári. Óvinnufærum körlum á þessum aldri fjölgaði um 5 frá árinu 2014.



Mynd 28. Fjöldi 20-24 ára kvenna með framfærslu á árunum 2007-2015. Skipting eftir atvinnustöðu.

Heildarfjöldi kvenna á aldrinum 20-24 ára sem fékk fjárhagsaðstoð til framfærslu árið 2015 var 324 sem er fækkun um 12% á milli ára.

Námsstyrkur

Í 18. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg er kveðið á um námsstyrki

Greinin hljóðar þannig:

Námsstyrki er heimilt að veita í eftirfarandi tilvikum. Aðstoðin miðast við fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt 11. gr. reglna þessara ásamt almennum skólagjöldum, innritunarkostnaði og bókakostnaði:

a) til einstaklinga á aldrinum 18–24 ára, sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla og hafa átt við mikla félagslega erfiðleika að stríða.

b) til einstæðra foreldra á aldrinum 18–24 ára, sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla og haft hafa atvinnutekjur sem eru lægri en grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar, sbr. 1.mgr. 11. gr. reglna þessara, undanfarna tólf mánuði.

Skilyrði er að umsækjandi hafi átt í félagslegum erfiðleikum.

c) til einstaklinga á aldrinum 18–24 ára sem ekki hafa lokið framhaldsskóla og eiga eftir ólokið að hámarki tvær annir. Um sé að ræða einstakling sem ekki hefur tök á að vinna með skóla og fyrir liggur mat á því að ef ekki komi til aðstoðar sé ljóst að viðkomandi flosni upp úr námi.

d) til einstaklinga sem hafa verið atvinnulausir án bótaréttar eða þegið fjárhagsaðstoð í sex mánuði eða lengur og hafa ekki lokið grunnnámi sem gefur rétt á námsláni.

e) Heimilt er að veita tekjulágum foreldrum fjárstyrk vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra. Hér er átt við tekjulága foreldra sem átt hafa í langvarandi félagslegum erfiðleikum.

Skal styrkurinn miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað og skólagjöld.

Leitast ber við að kanna aðstæður beggja foreldra þegar mat er lagt á umsókn um aðstoð vegna barna.

Leggja þarf inn umsókn tveimur mánuðum áður en nám hefst nema hvað varðar c- lið.

Starfsmaður og námsmaður skulu gera með sér samkomulag um félagslega ráðgjöf þar sem fram kemur m.a. hvernig skuli staðið að skilum varðandi skólasókn, námsframvindu og/eða einkunnir. Einkunnum skal þó ætíð skilað í annarlok. Miðað skal við að námið leiði til þess að nemandi geti síðar hafið nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.


Ákvarðanir um námskostnað skulu teknar fyrir hverja önn og er heimilt að halda námsaðstoð áfram með hliðsjón af námsframvindu.

Meðlag sem umsækjandi kann að fá, reiknist honum til tekna.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi.


Breytingar voru gerðar á reglum um fjárhagsaðstoð í ársbyrjun 2011 sem meðal annars fólu í sér auknar heimildir til þess að koma til móts við ungt fólk í námi með það að markmiði að forða þeim frá að flosna úr námi á lokastigi.

Alls fengu 335 nemar framfærslu til náms á árinu 2015 sem er 16% fækkun frá árinu áður.




Mynd 29. Fjöldi nema sem fékk námsstyrk árin 2007-2015, skipt eftir þjónustumiðstöðvum.


Árið 2015 fengu flestir námsmenn námsstyrk frá þjónustumiðstöð Breiðholts eða 94. Frá þjónustumiðstöð Laugardals Háaleitis og Bústaða fengu 66 nemar aðstoð, 55 frá þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og 48 frá þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða.



Mynd 30. Fjöldi nema sem fékk námsstyrk árin 2010-2015, skipt eftir fjölskyldugerð.



Mynd 31. Fjöldi nema sem fékk námsstyrk árin 2010-2015, skipt eftir aldri.



Mynd 32. Fjöldi nema sem fékk námsstyrk árið 2015, skipt eftir fjölskyldugerð og aldri.

Einhleypir karlar eru fjölmennasti hópurinn sem fékk námsstyrk. Flestir nemarnir eru á aldrinum 20-24 ára.

Staða foreldra nema sem fengu námsstyrk árið 2014

Skoðuð var atvinnustaða og fjölskyldugerð meðal foreldra þeirra nema sem fengu námsstyrk í mars og nóvember 2014 og voru skráðir með búsetu hjá foreldrum. Það var samtals 101 nemi. Reglur um námsstyrk gera ráð fyrir að hann sé einungis veittur ef um félagslega erfiðleika sé að ræða. Það kom fram í niðurstöðunum að svo var. Oft hjá foreldrunum, eða bæði foreldrum og nemum, en stundum eingöngu hjá nemunum sjálfum ef staða foreldranna var góð. Tölur 19 og 20 sýna fjölskyldugerð og atvinnustöðu foreldranna.

Tafla 19. Fjöldi nema sem fá námsstyrk og búa hjá foreldrum, skipt eftir fjölskyldugerð foreldris

Fjölskyldugerð	Fjöldi	Hlutfall
Einstæð móðir	69	68,3%
Hjón saman	15	14,9%
Einstæður faðir	9	8,9%
Foreldri og stjúpfóreltri	8	7,9%
Alls	101	100,0%


Tafla 20. Fjöldi nema sem fá námsstyrk og búa hjá foreldrum, skipt eftir atvinnustöðu foreldris

Atvinnustaða	Fjöldi	Hlutfall
Í vinnu	47	46,5%
Öryrki	35	34,7%
Sjúklingur	8	7,9%
Atvinnulaus án bótarréttar	5	5,0%
Nemi	3	3,0%
Kvótaflóttamaður	2	2,0%
Ekkjubætur	1	1,0%
Alls	101	100,0%


Sjá nánar í samantekt dags. 30. júní 2015 um stöðu foreldra nema sem fengu framfærslu til náms 2014.

Fjárhagsaðstoð vegna barna

Umtalsverð aukning hefur verið á greiðslum fjárhagsaðstoðar vegna barna frá árinu 2008, sem er eðlilegt ef horft er til þess að mikil aukning hefur verið á fjölda notenda sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu. Mynd 33 sýnir fjölda barnafjölskyldna sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu og fjárhagsaðstoð skv. gr. 16 a í reglum um fjárhagsaðstoð árin 2008-2014. Á myndinni sést einnig fjöldi þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð á grundvelli meðferðar- og/eða stuðningssjónarmiða skv. 16. gr. b. Fjöldi þeirra hefur ekki aukist í takt við fjölgun foreldra sem fá aðstoð.



Mynd 33. Fjárhagsaðstoð til framfærslu barnafjölskyldna og aðstoð vegna barna skv. 16. gr. a og b, árin 2008-2015




Mynd 34. Hlutfall foreldra sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu árið 2015 og jafnframt aðstoð vegna barna skv. grein 16. a og 16. b.


Nánari upplýsingar um fjárhagsaðstoð vegna barna er að finna í samantekt um þjónustu við börn hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar árið 2015.

Fjárhagsaðstoð til framfærslu vegna skertra lífeyrisréttinda

Á mynd 35 kemur fram að fjöldi notenda sem eru 67 ára og eldri hefur farið vaxandi frá árinu 2008 og jafnframt hefur hlutfall þeirra, af heildarfjölda notenda sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu, hækkað. Árið 2009 voru þeir 24 og 1% notenda en árið 2015 voru þeir 57 og 2% notenda það ár. Þessi þróun hefur átt sér stað þrátt fyrir að samkvæmt reglum sveitarfélagsins er ekki gert ráð fyrir að lífeyrisþegar fái fjárhagsaðstoð til lengri tíma. Líklegt er að um langtímaaðstoð sé að ræða þar sem það er ólíklegt er að aðstæður þessa hóps breytist á þann veg að þeir verði fjárhagslega sjálfstæðir, m.a. vegna þess að ekki er um að ræða hóp sem á aðgengi að vinnumarkaði.




Mynd 35. Fjárhagsaðstoð til framfærslu. Fjöldi notenda 67 ára og eldri árin 2007-2015.




Mynd 36. Fjárhagsaðstoð til framfærslu. Fjöldi notenda 67 ára og eldri árið 2015 skipt eftir fæðingarstað og ríkisfangi.

Mynd 36 sýnir skiptingu hópsins eftir fæðingarstað annars vegar og hins vegar eftir ríkisfangi. Af 57 notendum eru 47 fæddir erlendis og 10 fæddir á Íslandi. Miðað við árslok 2015 eru 35 þeirra með íslenskt ríkisfang og 22 með erlent ríkisfang. Gera má ráð fyrir að þessi hópur hafi takmörkuð eða engin lífeyrisréttindi á landinu og hafi því ekki önnur úrræði en fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins sér til framfærslu. Þeir 47 notendur sem eru fæddir erlendis eru frá 23 mismunandi löndum.




Mynd 37. Fjárhagsaðstoð til framfærslu. Fjöldi notenda eldri en 67 ára árið 2015 skipt eftir fjölskyldugerð og fæðingarstað.

Rúmur helmingur notendanna eru einhleypar konur. Hærra hlutfall einhleypa karla en kvenna eru fæddir á Íslandi.



Mynd 38. Fjárhagsaðstoð til framfærslu árið 2015. Fjöldi notenda 67 ára og eldri, skipt eftir fæðingarstað og fjölda mánaða sem aðstoð var veitt.

Á mynd 38 kemur fram að flestir notendanna fá aðstoð til langs tíma. Þannig eru 35 notendur eða 61%, sem fá aðstoð í 10-12 mánuði á árinu 2015 og langflestir þeirra fá aðstoð alla mánuði ársins. Af þeim sem fá aðstoð í 10-12 mánuði er 31 fæddur erlendis.



Mynd 39. Hlutfall notenda 67 ára og eldri sem fær aðstoð í 10-12 mánuði árið 2015 skipt eftir fjölskyldugerð.

Á heildina litið fékk 61% notenda 67 ára og eldri aðstoð í 10 mánuði eða lengur á árinu 2015 og flestir þeirra fengu aðstoð alla mánuði ársins.

Rannsóknir samantektir og félagsvísar

Hér er gerð grein fyrir nokkrum rannsóknum/samantektum sem gerðar hafa verið á síðustu árum. Niðurstöður rannsókna sýna m.a. að heilsufar þeirra sem fá fjárhagsaðstoð virðist í flestum tilvikum lakara en almennings og að niðurstöður rannsókna eru mismunandi gagnvart skilyrðingum.

Van der Wel, K., Dahl, E., Lødemel, I., Løyland, B., Naper, S. og Slagvold, M. (2006). *Funksjonsevne blant langtidsmottakere av sosialhjelp.*

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að langtímaatvinnulausir sem ekki eiga rétt atvinnuleysisbótum og eru notendur fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga búa margir við lakari heilsufar en almenningur. Í rannsókninni sem sneri að 554 þátttakendum í starfsendurhæfingar/virkniúrræðum í 14 sveitarfélögum í Noregi kom fram að langflestir höfðu aðeins grunnskólamenntun og margir stopula reynslu af vinnumarkaði. Samanborið við almenning í Noregi sögðust 18% búa við almennt slæmt heilsufar á mótí 1%. Samtals 67% sögðu að líkamleg heilsa og/eða sálræn vandkvæði hamlaði þeim að einhverju leyti í daglegu lífi, 27% sögðu að það hefði áhrif á félagslagslíf, 26% höfðu alls enga umfram orku síðustu fjórar vikurnar og 36% höfðu verið daprir flesta dagana. Mun fleiri sögðust eiga við geðræn vandkvæði að stríða eða 58% á mót einum af tíu meðal fólks á almennum vinnumarkaði. Algengast var kvíði og þunglyndi, 42% sögðust eiga við svefnvandamál að stríða og 47% fundu fyrir vonleysi gagnvart framtíðinni. Þriðji hver þáttakandi í rannsókninni átti við áfengis og/eða annan vímuefnavanda að stríða.

Ásdís A. Arnalds og Vala Jónsdóttir. (2010). „Bara það að koma mér í gang.“

Könnun sem velferðarsvið lét gera. Gerður var samanburður á líðan notenda fjárhagsaðstoðar í Reykjavík og almennings í Reykjavík sem ekki þáði fjárhagsaðstoð. Könnunin sýndi að almenningur að meðaltali með betri líðan en fólks sem þáði fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg. Þetta bendir til að fólki

sem þiggur fjárhagsaðstoð líði verr en hinum almenna Reykvíkingi. Þá kom fram í viðtölum við einstaklinga sem þáðu fjárhagsaðstoð að sumir upplifðu sig sem annars flokks þegna samfélagsins vegna þeirrar stöðu sem þeir voru í (Ásdís o.fl., 2010).

Signe Vrálstad. (2012). *Levekårsundersøkelsen om helse, omsorg og sosial kontakt 2012 Dokumentasjonsrapport.*

Samkvæmt könnun á lífsskilyrðum í Noregi árið 2008 sögðust 19% notenda fjárhagsaðstoðar hafa slæma heilsu eða mjög slæma heilsu, en 6% almennings sem ekki voru notendur fjárhagsaðstoðar. Einnig kom fram að 51% notenda fjárhagsaðstoðar og 40% þeirra sem ekki voru notendur fjárhagsaðstoðar sögðust búa við viðvarandi veikindi. Þar af sögðu 47% notenda fjárhagsaðstoðar og 33% þeirra sem ekki voru notendur fjárhagsaðstoðar að veikindin hefðu neikvæð áhrif á daglegt líf

Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir. (2012). *Úttekt á fjárhagsaðstoð samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar*

Samantekt á notendahópnum sem fékk fjárhagsaðstoð til framfærslu á árunum 2006-2011 leiddi í ljós að: Fjöldi notenda sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu og voru atvinnulausir með bótarétt, atvinnulausir án bótaréttar, sjúklingar, í hluta starfi, ellilífeyrisþegar eða með erlent ríkisfang hafði fjölgað á árunum 2006 til 2011. Þrátt fyrir fjölgun í notendahópnum hafði hlutfall þeirra af heildarfjölda þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu á þessum árum lítið breyst. Eina undantekningin var hlutfall notenda sem voru atvinnulausir með bótarétt en hlutfall þeirra af heildarfjölda þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu hafði hækkað, frá 5,2% árið 2006 í 18% árið 2011. Fjöldi notenda sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu sem voru í fullu starfi og öryrkjum fækkaði hins vegar á árunum 2006-2011. Hlutfall þeirra af heildarfjölda notenda sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu lækkaði jafnframt. Úttekt leiddi m.a. í ljós að ábótavant var varðandi að gera samkomulag um félagslega ráðgjöf þrátt fyrir fyrirmæli í reglum um fjárhagsaðstoð að það skuli liggja fyrir við veitingu fjárhagsaðstoðar. Þeim atriðum ásamt öðrum var fylgt eftir.

Hrefna Guðmundsdóttir og Ásdís Aðalbjörg Arnalds. (2012). *Persónuleg þjónusta, það er góð þjónusta. Rýnihóparannsókn á upplifun fólks sem þiggur fjárhagsaðstoð til framfærslu í Reykjavík.*

Velferðarsvið ákvað að ráðast í rannsóknina árið 2012 og fékk Félagsvísindastofnun til að framkvæma hana. Markmið hennar var að fá fram upplifun fólks sem þiggur fjárhagsaðstoð frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Helstu niðurstöður voru: Viðmælendum sem náð höfðu 26 ára aldri fannst auðvelt að sækja um fjárhagsaðstoð til framfærslu en yngri viðmælendur voru á því að umsóknarferlið væri flókið og að mikil vinna færi í að útvega ýmis gögn.

Viðmælendur kölluðu eftir aukinni nýtingu á tölvutækni. Bæði þótti tölvutæknin geta stýtt þann tíma sem fer í að útvega ýmis skjöl og eins óskuðu viðmælendur eftir því að geta lesið sér betur til um fjárhagsaðstoðina á Netinu.

Yngri viðmælendum fannst þjónusta í afgreiðslu þjónustumiðstöðvanna vera ábótavant.

Kallað var eftir auknum samskiptum milli starfsfólks þjónustumiðstöðvanna og notenda þjónustunnar til þess að búa notendur betur undir skerðingu á grunnfjárhæð aðstoðarinnar.

Í máli eldri viðmælenda kom fram að breyta þyrfti ákvæði reglna um fjárhagsaðstoð sem snýr að skerðingu vegna tekna. Var það mat viðmælenda að þetta ákvæði hefði vinnulettandi áhrif á notendur. Yngstu þátttakendurnir kölluðu eftir aukinni upplýsingagjöf um þær reglur sem gilda um fjárhagsaðstoð.

Viðmælendur lögðu til að haldnir yrðu fundir þar sem nýir og eldri notendur fjárhagsaðstoðar gætu skipst á skoðunum um aðstoðina og veitt hver öðrum stuðning og fræðslu.

Yfirleitt höfðu viðmælendur átt fund með félagsráðgjafa áður en þeir fengu fyrsta styrkinn og þeir sem höfðu gert samning um félagslega ráðgjöf lýstu yfir ánægju með regluleg samskipti við félagsráðgjafa. Þá kölluðu viðmælendur sem áttu í stopulum samskiptum við félagsráðgjafa eftir því að fá að hitta ráðgjafa í ríkara mæli. Bent var á að unnt væri að veita persónulegri ráðgjöf með því að færa þjónustu félagsráðgjafa meira út til fólksins sem hana nýtir til dæmis með því að veita fólki ráðgjöf á þeirra eigin heimili.

Að mati viðmælanda komu tíð starfsmannaskipti meðal ráðgjafa niður á aðstoðinni. Bæði þótti fólki óþægilegt að deila persónulegri reynslu með fleiri en einni manneskju og eins þótti það tefja fyrir vinnslu mála að þurfa að skipta um félagsráðgjafa.

Sumir höfðu reynslu af þátttöku í virkni- og átaksúrræðum en aðrir höfðu nær ekkert heyrt á þau minnst. Viðmælendur sem höfðu reynslu af úrræðunum voru almennt ánægðir með þátttökuna og hinir lýstu yfir áhuga á að taka þátt í slíkum úrræðum.

Samband íslenskra sveitarfélaga. (2014). Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga – leið til virkrar samfélagsþátttöku.

Þessi greinargerð fjallar um beitingu skilyrðinga og skerðinga við veitingu fjárhagsaðstoðar til að hvetja fólk til vinnu. Tekin eru dæmi frá Svíþjóð, Noregi, Danmörku, Englandi og Þýskalandi. Í stuttu yfirliti sem fram er sett í samantektinni kemur m.a. fram að áhersla er nú lögð á að vinna eftir virkum aðferðum (active) í stað óvirkra aðferða áður. Megináhersla er lögð á virka þátttöku einstaklings á almennum vinnumarkaði en aðferðir og hugmyndafræði eru ólíkar frá einu landi til annars. Í samantektinni kemur fram að það sé samdóma niðurstaða þeirra heimilda sem skoðaðar voru að skilyrðingar hafi ótvíræð áhrif við að hvetja þá einstaklinga sem fá fjárhagsaðstoð og á annað borð geta unnið til að leita sér að launavinnu. Sérstaklega er þetta talið mikilvægt þegar um ungt fólk er að ræða. Draga má þann lærdóm af þeim löndum sem skoðuð voru að huga þarf vel að framkvæmdinni og að vinna með einstaklinga þarf að vera einstaklingsmiðuð og taka mið af staðbundnum aðstæðum hverju sinni.

Van der Wel, K A og Halvorsen, K. (2015). The bigger the worse? A comparative study of the welfare state and employment commitment.

Þetta er rannsókn á því hvort örlát eða aðhaldssöm velferðarkerfi séu frekar líkleg til að vera hvetjandi til áhuga á vinnu. Niðurstaðan er sú að í örlátum velferðarkerfum með mikilli aðstoð til vinnu og til framfærslu atvinnulausra séu meiri líkur á vilja til vinnu heldur en í aðhaldssömum velferðarkerfum.

Carpentier S. (2013). What drives the Welfare Agency Duration of Social Assistance Beneficiaries: Population Composition, Municipality Characteristics or Policy Choices? A Multilevel Event History Analysis for Belgium.

Greinin fjallar um samanburð milli mismunandi svæða í Belgíu á því hversu lengi fyrsta tímabil með fjárhagsaðstoð varir og þar með líkurnar á því að fara af fjárhagsaðstoð. Belgía hefur fjölbreytta samsetningu svæða. Atvinnuleysisbætur eru ótímabundnar í Belgíu svo atvinnulausir (með áunnin réttindi) fá ekki félagslega aðstoð. Nema í tilvikum innflytjenda og annarra sem ekki eiga rétt á atvinnuleysisbótum. Þetta er því ekki sambærilegt við t.d. Ísland. Minna en 50% bótaþeganna eru fæddir í Belgíu. Meirihluti þessara útlandinga koma frá löndum utan Evrópu. Nærri 60% bótaþeganna hafa ekkert unnið í Belgíu sl. 5 ár.

Fjallað er um megindelega rannsókn þar sem stjórnsýslugögn tengd einstaklingum voru notuð fyrir úrtak alls 14.270 belgískra borgara á aldrinum 18-64 sem fengu fjárhagsaðstoð innan 574 velferðarstofnana á árinu 2004. Settar voru upp nokkrar tilgátur í upphafi en í rannsókninni voru

könnuð áhrif svæðisbundins atvinnuleysis eftir velferðarstofnunum sveitarfélaga, stærð sveitarfélaga, hlutfall virkniúrræða (activation rate) og stig örlætis (generosity level). Notendum var fylgt eftir í tvö ár, og voru gögnin sem söfnuðust greind með marghliða rofinni tíma atburðagreiningu í sögulegu samhengi (e. multilevel discrete-time event history analysis). Fyrst var athugað hve lengi hjálp varði eftir svæðum. Síðan var athugað hve mikið af breytileikanum mætti rekja til velferðarþjónustunnar. Þá var athugað hvort breytileikann mætti rekja til eiginleika notendanna, eiginleika sveitarfélagsins, eða stefnu velferðarþjónustunnar varðandi örlæti og virkniúrræði.

Niðurstöðurnar eru til marks um það að mismunandi reglur svæða getur minnkað jafnræði milli fólks. Mismunandi var hversu lengi notendur þáðu fjárhagsaðstoð í sumum svæðum tók það fólk aðeins tvo mánuði að komast af bótum, en í öðrum allt að tvö ár og félagslegur hreyfanleiki því mismunandi meðal notenda. Ef á heildina er litið var miðgildið þannig að það tók fólk um átta mánuði að komast af bótum. Það sem hafði áhrif á breytileikann var sveiflur í mannfjölda, félags- og efnahagslegt samhengi, stærð sveitarfélaga og stefna í velferðarmálum. Allir þessir þættir höfðu áhrif á miðgildið. Einstaklingsþátturinn hafði einnig mikil áhrif á það hvenær fólk hætti að þiggja fjárhagsaðstoð. Tvær kenningar fá staðfestingu í rannsókninni: Að fækka bótaþegum fjárhagsaðstoðar fer eftir einstaklingsþáttum. Hin er sú að öflug virkniúrræði auki frekar líkur á að styðja notendur við að komast af bótum. Aðrar þrjár kenningar fá einhvern stuðning í rannsókninni. Ein er sú að það séu minni líkur á að fækka bótaþegum í smærri sveitarfélögum. Önnur er sú að það séu meiri líkur á að fækka þeim þar sem atvinnuleysi er minna. Sú þriðja er sú að meiri líkur séu á því að fækka bótaþegum eftir því sem kerfið er örlátara. Tveim kenningum er hafnað af rannsókninni. Önnur er sú að það séu meiri líkur á að fækka bótaþegum í smærri sveitarfélögum. Hin er sú að minni líkur séu á að fækka bótaþegum ef kerfið er örlátt.

UNICEF. (2016). Réttindi barna á Íslandi: Börn sem líða efnislegan skort. UNICEF á Íslandi.

Mælingar Hagstofu Íslands sýna að hlutfall fólks undir lágtekjum hefur haldist frekar stöðugt á tímabilinu 2009-2014 og einnig skortur á efnislegum gæðum. Það vekur aftur á móti athygli að skortur meðal barna mælist aðeins meiri en hjá fullorðnum eða 9,1% á móti 8%. UNICEF á Íslandi hefur því séð nauðsyn þess að mæla skort meðal barna burt séð frá aðstæðum fullorðinna. Þrátt fyrir batnandi stöðu fullorðinna getur skortur meðal barna verið falinn. UNICEF hefur gert skortgreiningu sína meðal barna sem fyrsta skref í áttina að því að tryggja öllum börnum tækifæri á að njóta réttinda sinna samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem var lögfestur hér á landi árið 2013.

Í skýrslu UNICEF sem kom út í byrjun árs 2016 kemur fram að skortur meðal barna á Íslandi jókst á milli árána 2009 og 2014. Verulegur skortur meðal barna hér á landi hefur nær þrefaldast frá árinu 2009. Alls líða 2,4% barna verulegan skort. Efnislegur skortur meðal barna er flokkaður í sjö svið: næring, klæðnaður, menntun, upplýsingar, húsnæði, afþreying og félagslíf. Árið 2009 skorti ekkert barn meira en fjögur atriði af sjö, en árið 2014 skorti börn allt að sjö þætti. Um 0,2% eða 147 börn 1-15 ára var að ræða hvað varðar skort á sjö þáttum. Af þeim börnum sem líða skort 2014 eru mestar líkur á að þau líði skort á sviði félagslífs (41,8%), afþreyingu (35,5%), klæðnaðar (33,0%) og húsnæðis (32,8%). Mestar líkur eru á að börn líði verulegan skort á sviði klæðnaðar (65,4%), afþreyingu (60,8%), næringu (54,6%), félagslífs (48,6%) og húsnæðis (44,1%).

Félagsvísar

Velferðarráðuneytið og Hagstofa Íslands gefa árlega út Félagsvísa, sem er safn tölulegra upplýsinga, í þeim tilgangi að einfalda aðgengi að skilgreindum upplýsingum sem varpa ljósi á þjóðfélagsástand.

Í töflu 16 í Félagsvísunum, þriðju útgáfu sem gefnir eru út af Velferðarráðuneytinu og Hagstofu Íslands 2014, kemur fram að árið 2013 er 9,3% Íslendinga undir lágtekjumörkum, 9,6% karla en 8,9% kvenna. Ef upplýsingarnar eru skoðaðar eftir heimilisgerð eru það 2 hópar sem skera sig sérstaklega

úr því 27,1% einstæðra foreldra og 23,1% einhleypra karla er undir lágtekjumörkum árið 2013. Greining eftir húsnæðisstöðu sýnir að leigjendur hafa þar sérstöðu því 21,9% leigjenda á almennum leigumarkaði er undir lágtekjumörkum og 24,3% leigjenda félagslegra leiguíbúða sveitarfélaga eða námsmannahúsnæðis. (Velferðarráðuneytið og Hagstofa Íslands, 2014). Stór hluti þeirra leigjenda sem fá húsaleigubætur í Reykjavík eru einmitt einstæðir foreldrar eða um 37%.

Töflur 11 og 12 í Félagsvísunum 2014 sýna menntunarstig fólks á vinnumarkaði annarsvegar og atvinnuleitenda hins vegar skipt eftir kyni. Hlutfall fólks á vinnumarkaði (starfandi og atvinnulausir) sem eingöngu hefur grunmenntun er 31,8% hjá körlum og 32,6% hjá konum. Hjá atvinnuleitendum er hlutfallið hærra en hjá heildinni en það er 52,5% hjá körlum og 47,1% hjá konum.

Tafla 16. Tekjudreifing og lágtekjumörk

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Gini	24,1	25,1	26,3	28	27,3	29,6	25,8	23,6	24	24	22,7
Fimmtungastuðull	3,4	3,5	3,7	3,9	3,8	4,2	3,6	3,3	3,3	3,3	3,1
Lágtekjumörk (í þús. ÍSK)	96,9	103,2	111,3	126,3	141,1	160,8	158,2	153,6	156,3	170,6	182,6
Einstaklingar undir lágtekjumörkum eftir kyni (%)											
Alls	10,0	9,7	9,6	10,1	10,1	10,2	9,8	9,2	7,9	9,3	7,9
Karlar	9,6	9,8	9,1	9,1	9,5	9,3	9,8	9,0	8,4	9,6	8,1
Konur	10,5	9,6	10,2	11,0	10,7	11,1	9,8	9,5	7,5	8,9	7,7
Aldur											
<18	11,5	10,1	11,6	11,9	11,2	9,9	12,6	11,2	10,0	12,2	10,0
18-24	16,3	16,9	12,8	11,8	12,5	15,7	16,3	14,2	10,9	15,3	9,3
25-34	10,8	11,5	10,5	11,4	11,7	12,4	13,3	14,6	11,8	13,5	9,2
35-44	9,1	8,4	9,5	7,8	7,5	8,6	7,8	6,9	7,8	9,0	7,9
45-54	5,8	6,6	5,3	6,0	6,1	6,5	7,8	6,7	5,1	5,0	6,3
55-64	5,0	5,4	3,7	4,8	5,8	6,3	3,3	4,9	3,6	4,1	3,5
>64	10,3	9,2	11,8	15,1	15,0	12,4	4,9	4,3	4,5	4,0	7,0
Einstaklingar undir lágtekjumörkum eftir heimilisgerð (%)											
Heimili án barna	10,2	11,2	8,9	10,9	11,6	13,2	9,6	9,1	7,8	8,3	7,9
Einhleypur karl	20,4	24,1	15,6	21,5	22,4	22,4	23,2	22,5	18,6	23,1	23,3
Einhleyp kona	23,5	22,5	19,5	31,3	28,6	33,2	16,1	16,0	9,0	9,0	14,2
Heimili með börn	10,0	8,9	10,0	9,6	9,1	8,3	10,0	9,3	8,0	10,0	8,0
Einstætt foreldri	21,9	14,7	27,0	23,3	28,0	22,8	30,1	28,4	24,5	27,1	22,3
Tveir fullorðnir með 1 barn	7,5	7,6	9,7	6,3	6,0	5,8	5,8	6,8	4,9	8,0	6,2
Tveir fullorðnir með 2 börn	7,2	8,3	6,1	7,3	3,8	4,2	5,8	6,9	5,6	5,5	4,0
Tveir fullorðnir með 3 börn eða fleiri	12,1	10,9	10,2	12,1	12,9	10,3	12,0	8,0	6,5	11,5	9,5
Einstaklingar undir lágtekjumörkum eftir húsnæðisstöðu (%)											
Eigandi, skuldlaus	9	9,8	10,3	9,9	10,1	9,4	4,9	5,5	4,1	6,2	6,7
Eigandi, með húsnæðislán	8,2	7,1	7,4	8,3	7,1	6,7	7,1	5,2	4,4	5,0	4,9
Leigjandi, almennum markaði	18,8	27,4	17,4	13,6	25,5	21,8	23,7	21,3	18	21,9	13,3
Leigjandi, úrræði	21	20,1	21,5	23,9	24,5	30,1	22,6	24,9	22,6	24,3	22,2
Menntun											
Grunnmenntun >24	9,7	9,6	8,7	7,6	7,0	9,4	7,6	6,4	6,1	7,0	5,0
Framhalds- og starfsmenntun >24	6,9	8,5	6,8	8,0	8,3	8,2	8,7	8,2	6,4	7,3	6,2
Háskólamenntun >24	2,7	4,4	3,1	4,4	4,0	5,0	2,9	4,0	3,1	4,1	3,0
Búseta											
Höfuðborgarsvæðið	9,8	8,5	8,2	8,8	9,3	9,7	8,7	9,3	8,3	9,4	7,8
Stærri bæir	8,4	9,0	7,8	10,0	11,0	10,8	13,0	11,3	9,4	11,5	9,2
Dreifbýli	12,2	14,3	16,1	15,1	11,8	11,2	10,0	6,2	4,8	6,2	6,4
Uppruni											
Fæddust á Íslandi	9,2	9,4	8,5	9,3	9,1	9,7	8,4	7,9	6,6	7,8	6,9
Fæddust erlendis	14,7	11,7	13,9	10,3	15,3	16,5	15,7	15,4	12,7	13,4	10,0

Heimild: Hagstofa Íslands

Tafla 11. Karlar og konur á vinnumarkaði eftir menntunarstigi

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Grunnmenntun											
Karlar	32,2	32,8	34,7	33,8	34,6	34,0	33,2	32,3	31,7	31,4	31,5
Konur	43,2	41,4	39,9	39,1	39,7	36,8	36,4	35,1	34,2	32,7	30,3
Starfs- og framhaldsmenntun											
Karlar	45,2	44,3	41,9	42,1	40,7	40,7	42,9	43,2	42,7	41,8	41,9
Konur	29,9	29,8	30,3	31,2	29,6	30,5	30,5	29,6	28,6	29,8	31,5
Háskólamenntun											
Karlar	22,7	22,9	23,4	24,0	24,7	25,3	23,9	24,5	25,6	26,8	26,6
Konur	26,9	28,8	29,9	29,7	30,7	32,7	33,1	35,2	37,1	37,5	38,2

Heimild: Hagstofa Íslands

Tafla 12. Atvinnuleitendur

	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Fjöldi atvinnuleitenda	5.40	4.90	4.30	5.00	4.20	5.50	13.10	13.70	12.70	10.90	10.00	9.30
	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Karlar		3100	2700	2300	2.60	2.30	3.30	8.300	7.900	7.400	6.000	5.500
					0	0	0					0
Konur		2400	2200	2000	2.40	1.90	2.20	4.800	5.800	5.300	4.900	4.500
					0	0	0					0
Atvinnuleitendur, % af vinnuafli												
Alls		3,3	3,0	2,6	2,9	2,3	3,0	7,2	7,6	7,1	6,1	5,4
Karlar		3,6	3,2	2,6	2,7	2,3	3,3	8,6	8,3	7,8	6,4	5,7
Konur		3,1	2,9	2,6	3,0	2,3	2,6	5,7	6,7	6,2	5,7	4,8
16-24 ára		8,1	8,0	7,0	8,4	7,0	8,2	15,8	16,3	14,5	13,5	10,8
Atvinnuleiteindur í 6-11 mánuði, % af vinnuafli												
Karlar		0,4	0,2	0,2	0,1	0,0	0,0	1,5	1,6	1,0	0,7	0,6
Konur		0,4	0,3	0,2	0,1	0,1	0,1	0,9	1,3	0,7	0,7	0,7
16-24 ára		0,3	0,3	0,1	0,2	0,1	0,1	1,6	2,3	0,7	1,3	0,6
Atvinnuleiteindur í 12 mánuði eða lengur, % af vinnuafli												
Karlar		0,3	0,3	0,2	0,2	0,2	0,1	0,6	1,9	2,1	1,7	1,2
Konur		0,2	0,4	0,4	0,2	0,2	0,1	0,4	1,2	1,6	1,5	1,0
16-24 ára		0,3	0,3	0,1	0,1	0,2	0,1	0,5	1,6	2,2	1,3	1,0
Menntun atvinnulausra karla												
Grunnmenntun		60,5	58	66,3	63,8	70,8	64,5	54,1	49,0	49,9	55,9	52,6
Starfs- og framhaldsmenntun		23,4	30,3	25,0	26,1	24,1	23,6	32,3	37,8	33,9	29,5	33,5
Háskólamenntun		16,1	11,7	8,7	10,1	5,1	12,0	13,6	13,2	16,2	14,6	13,9
Menntun atvinnulausra kvenna												
Grunnmenntun		61,3	58,2	50,9	61,6	60,7	61,8	51,7	55,8	50	58	47,3
Starfs- og framhaldsmenntun		26,2	32,1	33,3	25,2	23,5	18,8	28,5	29,7	27,1	27,1	23,5
Háskólamenntun		12,5	9,7	15,8	13,1	15,8	19,4	19,7	14,5	22,9	14,9	29,3

Heimild: Hagstofa Íslands

Atvinnuleitendur: Teljast þeir sem ekki voru í starfi í viðmiðunarvikunni, geta hafið störf innan tveggja vikna frá því Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar er gerð og uppfylla auk þess eitthvert eftirfarandi skilyrði: 1) Hafa verið virkir í atvinnuleit sl. fjórar vikur að viðmiðunarviku meðtalinni. 2) Hafa fundið starf sem byrjar seinna, þó ekki síðar en innan þriggja mánaða. 3) Biða eftir að vera kallaðir til vinnu.

Heimild: Velferðaráðuneytið og Hagstofa Íslands. *Félagsvísar*. Sótt þann 17.03.2016, á <https://www.velferðarraduneyti.is/media/skyrslur2016/Felagsvisar-2015.pdf>

Rannsóknir - fjárhagsaðstoð

- Anna Jóna Guðmundsdóttir. (2015). *Hver er þá málsvari þessa hóps? Staða ungmenna á Íslandi sem ekki eru í vinnu, námi eða starfsþjálfun*. Óbirt M.A. ritgerð: Háskóli Íslands.
- Anna Sigríður Jónsdóttir. (2015). *Karlasmiðjan. Afdrif þátttakenda í Karlasmiðjunni*. Óbirt M.A. ritgerð: Háskóli Íslands.
- Ásdís A. Arnalds og Vala Jónsdóttir. (2010). *„Bara það að koma mér í gang.“* Unnið fyrir Velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Reykjavík: Félagsvísindastofnun og Rannsóknastofnun Háskóli Íslands.
- Ásdís A. Arnalds, Elísabet Karlsdóttir, Heiður Hrund Jónsdóttir og Vala Jónsdóttir. (2012). *Aðstæður reykvískra foreldra: Félagslegt tengslanet, tómstundir og almennt heilsufar barna*. Unnið fyrir Velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Reykjavík: Félagsvísindastofnun og Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.
- Ásdís Eyrún Sigurgeirsdóttir. (2015). *Upplifun ungs fólks af atvinnuleysi. „...þetta fólk lítur svona á mig af því ég er ekki með vinnu...“* Óbirt M.A. ritgerð: Háskóli Íslands.
- Bára Daðadóttir. (2014). *„Í dag gekk vel og boltinn fór að rúlla...“ Líðan og aðstæður ungra kvenna sem framfleyta sér á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga*. Óbirt MA ritgerð. Háskóli Íslands.
- Carpentier, S. og Neels, S. (2013). *What drives the Welfare Agency Duration of Social Assistance Beneficiaries: Population Composition, Municipality Characteristics or Policy Choices? A Multilevel Event History Analysis for Belgium* (Skýrsla fyrir IZA/OECD/World Bank Conference on Safety Nets and Benefit Dependence: Evidence and Policy Implications).
- Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir. (2012). *Úttekt árið 2012 á fjárhagsaðstoð samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar*. Reykjavík: Velferðarsvið Reykjavíkurborgar.
- Elísabet Bjarnadóttir. (2012). *Virgni og aðlögun vímuefnaneytenda í bata*. Óbirt BA ritgerð: Háskóli Íslands.
- Erla Björg Sigurðardóttir. (2006). *Endurhæfingarúræðið Grettistak*. Óbirt M.A. ritgerð: Háskóli Íslands.
- Erla Björg Sigurðardóttir. (2011). *Notendur fjárhagsaðstoðar í 6 mánuði og lengur árið 2011*. Reykjavík: Velferðarsvið Reykjavíkurborgar.
- Erla Björg Sigurðardóttir og Margrét Þorvaldsdóttir. (2014). *Grettistak starfsendurhæfing*. Notendur hafa orðið. *Tímarit Félagsráðgjafa*, 8(1), 20-26.
- Guðný Björk Eydal (2009). *Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga Norðurlanda á krepputímum: Hjálp til sjálfshjálpar? Í Halldór S. Guðmundsson og Silja Bára Ómarsdóttir (ristjórar), Rannsóknir í félagsvísindum X* (bls. 53-65). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Íslands.
- Guðrún Ágústa Eyjólfsdóttir o.fl., (2010). *Sjúkraskrifaðir einstaklingar með fjárhagsaðstoð hjá Reykjavík, líðan og þjónustubörf*. Reykjavík: Velferðarsvið Reykjavíkurborgar.
- Guðrún Svala Gísladóttir. (2014). *Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Ástæða skerðingar grunnfjárhæðar*. Óbirt M.A. ritgerð: Háskóli Íslands.
- Gunnar Kristinn Þórðarson. (2015). *Skilyrði fyrri fjárhagsaðstoð. Réttaröryggi við framkvæmd fjárhagsaðstoðar*. Óbirt M.A. ritgerð: Háskóli Íslands.
- Halvorsen R, Nervik, J.A., Salonen T., Thorén K. og Ulmestig R. (2007). *The challenges of decentralized delivery of services: the scope for active citizenship in Swedish and Norwegian activation policies*. In Hvinden B. and Johansson H. (eds) *CITIZENSHIP IN NORDIC WELFARE STATES. Dynamics of choice, duties and participation in a changing Europe*. Routledge: London and New York.
- Hugrún Linda Guðmundsdóttir. (2013). *Atvinnuleitendur 50+ „þetta er engan veginn eðlilegt ástand.“* Óbirt M.A. ritgerð: Háskóli Íslands.

- Hvinden, Bjørn (1999) "Activation: a Nordic Perspective", in Matti Heikkilä (ed) *Linking welfare and work*. Dublin: European Foundation for the Improvement of Living and Working Conditions.
- Kildal, N. (2001). *Workfare tendencies in Scandinavian welfare politics*. Geneva: International Labor Office.
- Klara Valgerður Brynjólfssdóttir. (2012). Langtímanotendur fjárhagsaðstoðar: Ungir Reykvíkingar í kjölfar kreppu. Óbirt M.A. ritgerð: Háskóli Íslands.
- Lena Hrönn Marteinsdóttir (2010). *Fjárhagsaðstoð, virkni og velferð*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsráðgjafardeild. Óbirt M.A. ritgerð: Háskóli Íslands.
- Kristín Lilja Diðriksdóttir. (2009). *Kvennasmiðjan. Rannsókn á endurhæfingu fyrir einstæðar mæður með langvarandi félagslegan vanda*. Ritroð um rannsóknaverkefni á sviði félagsráðgjafar. Annað hefti Apríl 2009.
- Kristín Einarssdóttir (2013). Reynsla, iðja og heilsa einstæðra mæðra. Tengsl áfallasögu við félagslegar aðstæður og heilsufar. Óbirt M.A. ritgerð: Háskóli Íslands.
- Kristjana Gunnarsdóttir. (2014). Afdrif fólks sem hefur fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu. Eftirfylgd og áhrifaþættir. Óbirt M.A. ritgerð: Háskóli Íslands.
- Lydía Ó. Ómarsdóttir og Unnur V. Guðbjartsdóttir. (2011). *Líðan atvinnuleitenda með framfærslu hjá Reykjavíkurborg*. Reykjavík: Velferðarsvið Reykjavíkurborgar.
- Margrét Edda Yngvadóttir. (2013). *Grettistak. Afdrif þátttakenda í Grettistaki*. Óbirt M.A. ritgerð: Háskóli Íslands.
- Marius Drugas. (2013). Psychological Well-Being During Unemployment. A Longitudinal Study. *Journal of Social Research & Policy*, Vol. 4, Issue 2.
- Marthinsen Edgar. og Skjefstad Nina. (2007). *Tiltaksarbeid i sosialtjeneste og NAV- tett på !* Oslo: Universiforlaget AS.
- Schafft A., Skardhamar T. og Zhang T. (2010). Ny evaluering av Tiltakssatsingen for sosialhjelpsmottakere. AFI-rapport 1. Statistisk sentralbyrå Norge.
- Signe Vrålstad. (2012). *Levekårsundersøkelsen om helse, omsorg og sosial kontakt 2012 Dokumentasjonsrapport*. Statistics Norway Oslo–Kongsvinger.
- Sigurjón Árnason. (2012). *Fjárhagsaðstoð með námstyrk: Afdrif notenda í Reykjavík þremur og fimm árum eftir að aðstoð lauk*. Óbirt M.A. ritgerð: Háskóli Íslands.
- Sunna Ólafsdóttir. (2013). *Hver eru lífskjör eftir Kvennasmiðju?* Óbirt M.A. ritgerð: Háskóli Íslands.
- Smedslund Geir, Hagen Kåre Birger, Steiro Asbjørn, Johme Torill, Dalsbø Therese Kristine, Mons Georg Rud. (2006). *Work Programmes for Welfare Recipients*. Campbell Systematic Reviews nr.9.
- UNICEF. (2016). *Réttindi barna á Íslandi: Börn sem líða efnislegan skort*. UNICEF á Íslandi.
- Van der Wel, K., Dahl, E., Lødemel, I., Løyland, B., Naper, S. og Slagvold, M. (2006). *Funksjonsevne blant langtidsmottakere av sosialhjelp*. HiO rapport nr.29.
- Van Der Wel, Kjell og Halvorsen Knut (2015). The bigger the worse? A comparative study of the welfare state and employment commitment. *Work, employment and society*, Vol. 29(1) 99–118.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Dagsetning: 22. apríl 2016
Skrifstofa: Skrifstofa sviðsstjóra
Unnið af: Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir, Erla Björg
Sigurðardóttir og Guðbergur Ragnar
Ægisson
Ábyrgð: Ellý Alda Þorsteinsdóttir skrifstofustjóri
GoPronr: VEL2015100006

Lagt fyrir velferðarráð 4.maí 2016

Hugmyndir um breytta áherslu í framkvæmd og skipulagi fjárhagsaðstoðar til framfærslu hjá Reykjavíkurborg -niðurstöður rýnihóps

Forsaga

Þann 19. nóvember 2015 samþykkti velferðarráð eftirfarandi tillögu:

Velferðarráð felur velferðarsviði að stofna rýnihóp, með einstaklingum utan sviðsins sem hefur það hlutverk að móta tillögur að breyttri áherslu í framkvæmd og skipulagi fjárhagsaðstoðar Reykjavíkurborgar. Hópurinn skal skipaður fulltrúa frá grunnskóla, fulltrúa framhaldsskóla, fulltrúa skapandi greina, fulltrúa tækni og iðnnáms, fullorðinsfræðslu og fulltrúa notenda fjárhagsaðstoðar. Rýnihópurinn styðjist við skýrsluna „Persónuleg þjónusta, það er góð þjónusta“ frá því í september 2012. Rýnihópurinn skal huga sérstaklega að fjölbreyttum menntunarmöguleikum fyrir notendur fjárhagsaðstoðar, ekki síst þeim sem eru á aldrinum 18-25 ára. Þá skal hópurinn koma með tillögur um skapandi starf með einstaklingum sem fá fjárhagsaðstoð, sérstaklega í þeim tilvikum sem almenn úrræði hafa ekki dugað til. Að lokum skal hópurinn gera tillögur að forvarnaráætlun vegna fjárhagsaðstoðar, sem hægt væri að nýta í samráði við skóla- og frístundasvið til að ná til þess hóps sem líklegur er að hætta í námu að loknum grunnskóla.

Greinargerð

Samkvæmt ofangreindri tillögu velferðarráðs voru haldnir rýnihópafundir til að móta tillögur að breyttri áherslu í framkvæmd og skipulagi fjárhagsaðstoðar Reykjavíkurborgar. Alls voru haldnir þrír slíkir fundir, umræðustjórar á fundunum voru Erla Björg Sigurðardóttir og Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir, frá deild gæða og rannsókna á skrifstofu velferðarsviðs. Guðbergur R. Ægisson, frá skrifstofu velferðarsviðs, var viðstaddur rýnihópafundina og var til aðstoðar. Fundirnir voru allir haldnir í fundarherbergi á skrifstofu velferðarsviðs í Borgartúni 12-14. Þrjár megin spurningar voru til grundvallar og mynduðu ákveðinn ramma fyrir umræður á rýnihópafundunum sem voru eftirfarandi:

- Hvernig er hægt að stytta tíma sem notendur fjárhagsaðstoðar þurfa til framfærslu og auka möguleika þeirra til að verða fjárhagslega sjálfstæðir?
- Hvaða hugmyndir hafa núverandi eða fyrrum notendur fjárhagsaðstoðar, að breyttri/bættari þjónustu?

- Hvaða hugmyndir hafa þeir sem koma frá skóla- og fræðslusamfélaginu og skapandi greinum út frá faglegri reynslu, að breyttri/bættri þjónustu?

Í fyrsta rýnihóp sem haldinn var þann 1. mars 2016 voru boðaðir sjö einstaklingar sem annað hvort voru núverandi eða fyrrverandi notendur fjárhagsaðstoðar til framfærslu. Af þeim sjö einstaklingum mættu fjórir á rýnihópafundinn, allt fyrrverandi notendur fjárhagsaðstoðar. Hópurinn fundaði í 90 mínútur og ræddi umræðuefnið undir stjórn umræðustjóra. Ákveðið var að skipta hópnum niður og hafa eingöngu notendur í fyrsta hópnum til að valdefla þá fyrir rýnihóp þrjú þar sem valda ójafnvægi er töluvert á milli notenda og sérfræðinga almennt í opinberri þjónustu.

Á annan rýnihópafund sem haldinn var þann 10. mars 2016 voru boðaðir fulltrúar frá grunnskóla, framhaldsskóla, skapandi greina, tækni- og iðnnáms og fullorðinsfræðslu. Til fundarins mættu aðilar frá Háaleitisskóla, Fjölbrautarskólans í Ármúla, Listaháskóla Íslands, Tækniskólans og Mími símenntun. Hópurinn ræddi saman í u.þ.b. tvær klukkustundir undir stjórn umræðustjóra. Í upphafi fundarins mættu Ellý Alda Þorsteinsdóttir, skrifstofustjóri hjá skrifstofu sviðsstjóra og Sigrún Skaftadóttir, deildarstjóri á þjónustumiðstöð Vesturbæjar, til að svara spurningum frá rýnihóp varðandi framkvæmd og fyrirkomulags fjárhagsaðstoðar hjá Reykjavíkurborg.

Tveim þátttakendum frá báðum rýnihópum var boðið að mæta á þriðja rýnihópafund en markmiðið með þeim fundi var að móta sameiginlegar tillögur út frá þeim umræðum sem áttu sér stað í rýnihópum 1 og 2. Á þriðja rýnihópafundinn mætti einn þátttakandi sem tók þátt í rýnihóp 1 og tveir sem tóku þátt í rýnihóp 2.

Aðferðafræði

Eigindleg aðferðarfræði á borð við rýnihópaaðferð hentar vel til að öðlast skilning á viðhorfum og reynslu einstaklinga. Rannsóknaraðferðin byggist á umræðum innan hóps einstaklinga (allt að 8 einstaklinga) um ákveðið málefni. Með rýnihópaviðtölum er hægt að fá fram mikið af upplýsingum á skömmum tíma og annars konar innsýn í skoðanir fólks en fengist með einstaklingsviðtölum eða spurningakönnunum. Rýnihópar henta sérstaklega vel ef rannsókn beinist að huglægum atriðum eins og mati á þjónustu.¹

Niðurstöður

Eftirfarandi niðurstöður eru afrakstur umræðna sem áttu sér stað á rýnihópafundunum þremur. Þær eru settar fram sem:

- a) Umræðupunktur - atriði sem voru rædd á fundunum og þátttakendur töldu að væri mikilvægt innlegg í umræðuna.
- b) Tillögur - atriði sem voru til umræðu á rýnihópafundunum og hægt að flokka sem hugmyndir/tillögur sem hópurinn taldi að hægt væri að framkvæma.

Niðurstöður rýnihópafunda eru settar fram undir eftirfarandi atriðum:

- I. *Breytt áhersla í framkvæmd og skipulagi fjárhagsaðstoðar Reykjavíkurborgar.*
- II. *Menntunarmöguleikar fyrir notendur fjárhagsaðstoðar, ekki síst þeim sem eru á aldrinum 18-25 ára.*
- III. *Skapandi starf með einstaklingum sem fá fjárhagsaðstoð, sérstaklega í þeim tilvikum sem almenn úrræði hafa ekki dugað til.*
- IV. *Forvarnaráætlun vegna fjárhagsaðstoðar, sem hægt væri að nýta í samráði við skóla- og frístundasvið til að ná til þess hóps sem líklegur er að hætta í námu að loknum grunnskóla.*

¹ <http://fel.hi.is/rynihopar>

I. Breytt áhersla í framkvæmd og skipulagi fjárhagsaðstoðar Reykjavíkurborgar

Umræða í rýnihóp:

Rætt um átaks- og tilraunaverkefni og talað um að þau séu vinsæl en þau skila ekki nauðsynlegum árangri til lengri tíma. Í þessu samhengi var rætt var um mikilvægi eftirfylgðar og stuðnings ráðgjafa. Setja þarf í gang langtíma verkefni sem skila langtímaárangri. Verkefnið „Menntun núna“ var nefnt í því sambandi en það var tilraunaverkefnið sem keyrt var í Breiðholti og Norðvesturkjördæmi og lauk árið 2015.

Virgni er mjög mikilvæg fyrir lífsgæði notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu. Þétt dagskrá skiptir notendur máli og hvatning ráðgjafa til að velja sér virkni/námskeið er mikilvæg. Þörf er á aðgengi að ódýru eða ókeypis tómskundastarf og klúbbastarfi.

Umræða um að vinnumarkaðurinn þurfi að vera sveigjanlegri og viljugri til að gefa einstaklingum tækifæri til að sanna sig. Vöntun er á störfum þar sem þörfum fólks með andlegan vanda er mætt.

Þörf er á fleiri vernduðum atvinnuúrræðum fyrir einstaklinga í neyslu. Sem dæmi var nefnt úrræði sem svipar til Sólheima í Grímsnesi; samfélag þar sem atvinnu, búsetu og meðferðarúrræðum væri steypt saman.

Þörf er á betri upplýsingamiðlun til notenda. Þeir hafa ekki yfirsýn yfir hvaða námskeið eru í boði og að ráðgjafar hafa að sama skapi ekki yfirlit né upplýsingar um þau námskeið sem standa til boða hverju sinni. Ráðgjafar þurfa að upplýsa notendur betur um réttindi þeirra.

Tillögur rýnihóps:

- Leggja þarf áherslu á að notendur fjárhagsaðstoðar rækti áhugamál sín.
- Að notendur fjárhagsaðstoðar fái frístundakort til að auka virkni þeirra.
- Nýta má frístundamiðstöðvar með það að leiðarljósi að styrkja og hvetja til klúbbastarfs.
- Leggja þarf áherslu á gildi sjálfbóðaliðastarfs sem leið fyrir fólk að láta gott af sér leiða.
- Auka þarf samstarf milli á milli Reykjavíkurborgar og atvinnurekenda.
- Upplýsa þarf betur stjórnendur og fyrirtæki hvað það þýðir að mæta þörfum fólks með andlegan vanda. Þeim væri t.d. hægt að mæta með auknum sveigjanleika hvað varðar vinnutíma vegna veikinda.
- Hvating þarf að vera til staðar fyrir atvinnumarkaðinn um að bjóða upp á hlutastörf.
- Auka þarf námstækifæri fyrir (erlenda) atvinnuleitendur þar sem íslenskukennsla og starfsreynsla er tengd saman.
- Bæta aðgengi að heimasíðu Reykjavíkurborgar.
- Efla kynningu á rafrænni Reykjavík og skoða hvort hægt sé að notast við aðgengilegra tungumál á miðlinum.
- Koma á fót gagnagrunni fyrir ráðgjafa með lista yfir öll námskeið sem standa til boða. Listinn gæti innihaldið upplýsingar um námskeið, sjálfbóðaliðastarf og tómsundur sem eru í boði bæði innan og utan borgarkerfisins.

II. Menntunarmöguleikar fyrir notendur fjárhagsaðstoðar, ekki síst þeim sem eru á aldrinum 18-25 ára.

Umræða í rýnihóp:

Þörf er á einhverskonar samskiptaneti á milli grunnskóla, framhaldskóla, framhaldsfræðslu (fullorðinsfræðslu) og þjónustumiðstöðva. Þannig er hægt að halda betur utan um einstaka nemendur, sérstaklega þá sem eiga í hættu á að detta úr námi.

Það skiptir máli hvar menntun fer fram, það sem það gæti gagnast sumum einstaklingum betur að hún eigi sér stað fyrir utan hið hefðbundna skólaumhverfi. Sérstaklega fyrir þá sem hafa neikvæða upplifun af skólaumhverfinu. Menntun (fræðsla, nám, námskeið) getur t.d. farið fram í félagsmiðstöðvum og á bókasöfnum.

Endurskoða þarf mætingaskyldu þeirra sem fá skólalstyrk. Meiri sveigjanleiki þarf að vera til staðar svo hægt væri að koma til móts við þarfir og aðstæður ver og eins. Slæmt að námsstyrkurinn einskorðaðist aðeins við þá sem eru 25 ára og yngri. Mikilvægt er að koma til móts við þá sem fá ekki lán hjá LÍN, vegna t.d. skorts á lántrausti eða annarra ástæðna.

Hússnæðismál stúdenta er vandamál og að traust búseta er mikilvæg fyrir möguleika á áframhaldandi menntun.

Tillögur rýnihóps:

- Með notkun á eyðublaðinu „upplýst samþykki“ gæti verið auðveldara að koma á tengingu á milli stofnana og að tala opinskátt um málefni einstaklingsins þegar þörf er á.
- Styrkja samskipti á milli þjónustumiðstöðva og tengiliða í menntastofnunum; sérstaklega með tilliti til erlendra nemenda og þeirra sem eru í áhættuhóp vegna brottfalls úr námi.
- Endurskoða mætingaskyldu þeirra sem eru á skólalstyrk. Jafnframt þurfa að vera skýrar og samræmdar reglur á milli menntastofnana og þjónustumiðstöðva varðandi mætingarskyldu.

III. Skapandi starf með einstaklingum sem fá fjárhagsaðstoð, sérstaklega í þeim tilvikum sem almenn úrræði hafa ekki dugað til.

Umræða í rýnihóp:

Þörf er á betri tengingu og samstarfi á milli listastofnana og samfélagsins til að auka jöfnuð.

Grunnskólarnir eru besta jöfnunartæki sem samfélagið á og þar af leiðandi ætti að fara fram meiri menningarfræðsla innan skólakerfisins en er gert í dag, jafnt á alla nemendur.

Það ætti ekki að vera val hvers skóla fyrir sig hvort og hvert þeir fari í ferðir, t.d. varðandi listir og náttúru. Ef að allir skólar gengu í takt hvað utanskólaferðir varðaði væri hægt að koma í veg fyrir mismunun við nemendur.

Tillögur rýnihóps:

- Leggja ætti ríkari samfélagsskyldur á þær menningastofnanir sem þiggja peninga frá Reykjavíkurborg.
- Þeir einstaklingar sem eru í erfiðri fjárhagslegri stöðu, t.d. notendur fjárhagsaðstoðar, fái aðgang að menningarkortinu líkt og því sem starfsmenn Reykjavíkurborgar fá.
- Samræma menningarfræðslu innan grunnskólakerfisins.

IV. Forvarnaráætlun vegna fjárhagsaðstoðar, sem hægt væri að nýta í samráði við skóla- og frístundasvið til að ná til þess hóps sem líklegur er að hætta í námu að loknum grunnskóla.

Umræða í rýnihóp:

Nemendur af erlendum uppruna eru sífellt að verða stærra hlutfall af brottfallsnemendum. Börn af erlendum uppruna eiga mörg erfitt með að tala íslensku og eru jafnframt oft illa skrifandi og talandi á móðurmáli sínu. Erlendir nemendur eru síður í námi með skólalstyrk.

Virkja þarf starf með börnum á miðstigi og í því tilliti væri hægt að efla félagsmiðstöðvarnar í hverfunum.

Þörf er á að efla foreldrastarf í skólunum. Öflugt foreldrastarf er drífandi sem gagnast öllum börnum. Leggja þarf áherslu á hugtakið skólaforeldri þar sem viðhorf og virkni foreldra hefur áhrif á velgengni barnanna þeirra í námi.

Börn í grunnskólunum þurfa að hafa aukið val um námsleiðir, þar sem ákveðinn hluti við námsvanda og er í aukinni hættu á að detta úr námi. Með auknu vali um námsleiðir er hægt að koma frekar til móts við þarfir þeirra.

Tillögur rýnihóps:

- Nauðsynlegt er að styrkja skólakerfið svo hægt sé að bjóða upp á almenna menningafræðslu, betri móttöku við erlenda nemendur, meiri íslenskukennslu, og aukna móðurmálskennslu.
- Brottfallsskimun sem er lögð er fyrir nemendur í fyrsta bekk í framhaldskóla ætti að vera lögð fyrir fyrir.
- Þörf er á teymi utan um ákveðna einstaklinga sem hefði það hlutverk að tengja saman þjónustumiðstöðvar og skólakerfið.
- Mikilvægt að ungmenni sem glíma við kvíða, þunglyndi og félagsfærni hafi aðgang að sálfræðiþjónustu á þjónustumiðstöðvum, göngudeild eða öðrum úrræðum svo þau falli síður úr námi. Auka mætti hópameðferð en þannig gæti skorti á sálfræðingum verið mætt.
- Koma á stuðningsforeldra-/fjölskyldukerfi strax í leikskóla til að aðstoða innflytjendur (og aðra sem eru félagslega illa staddir) við að fóta sig í samfélaginu. Með því að tengja saman fjölskyldur er hægt að veita þeim aukinn stuðning sem kemur börnum þeirra til góðs.
- Foreldrar ættu að geta valið hve oft börn þeirra mæta á æfingar í viku og fengið að borga í samræmi við það. Þannig myndu hugsanlega foreldrar sem ekki nýta sér frístundakortið frekar gert það.

Samantekt

Niðurstöður þessarar rýnihópavinnu samræmast niðurstöðum annarra rannsókna sem hafa verið gerðar á framkvæmd fjárhagsaðstoðar til framfærslu. Helst ber að nefna skortur á upplýsingaflæði til notenda og á milli stofnana, sem og vöntun á fleiri og fjölbreyttari virkniúrræðum, eftirfylgd og stuðningi til lengri tíma. Það ber að hafa í huga að hugsanlega eru rýnihóparnir að leggja til atriði sem núþegar er til staðar.

„Persónuleg þjónusta er góð þjónusta“

Árið 2012 gerði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands rýnihóparannsókn fyrir velferðarsvið meðal fólks sem þiggur fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg. Markmiðið með rannsókninni var að kanna reynslu þeirra af þeirri þjónustu sem velferðarsvið veitir. Einnig var markmiðið að kanna hvernig það upplifir reglur sem skapa umgjörð um fjárhagsaðstoðina og fá fram hugmyndir notenda um hvernig hægt væri að bæta þjónustuna.²

„Úttekt á afdrifum notenda sem vísað hefur verið til sálfræðinga færniteymisins“

Árið 2015 var gerð úttekt á afdrifum notenda sem vísað hafði verið til sálfræðinga færniteyma þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar. Úttektin kom út í febrúar 2016 en markmið hennar var að kanna afdrif notenda sem höfðu hitt eða höfðu verið boðaðir til sálfræðings færniteymisins, á

² http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/sk_rslan_velfer_arsvi_virknihi.pdf

tímabilinu frá apríl 2014 til ágúst 2015, og voru ekki lengur notendur fjárhagsaðstoðar. Við gerð úttektarinnar var meðal annars notaður rýnihópur.

Helstu niðurstöður þessa tveggja rannsókna má finna hér að neðan:

"Persónuleg þjónusta, það er góð þjónusta"	Afdrif notenda sem vísað hefur verið til sálfræðinga færniteymisins
Kallað var eftir aukinni nýtingu á tölvutækni en notendur sögðust vilja meiri upplýsingar um fjárhagsaðstoðina á netinu.	Notendur töldu að upplýsingaflæði í upphafi þjónustunnar væri ábótavant en þeir sögðust hafa fengið litlar upplýsingar um þá þjónustu sem þeim stóð til boða á þjónustumiðstöðinni.
Lagt var til að fundir yrðu haldnir þar sem nýir og eldri notendur fjárhagsaðstoðar gætu skipst á skoðunum um aðstoðina og veitt hver öðrum stuðning og fræðslu.	
Yfirleitt höfðu viðmælendur átt fund með félagsráðgjafa áður en þeir fengu fyrsta styrkinn og þeir sem höfðu gert samning um félagslega ráðgjöf lýstu yfir ánægju með regluleg samskipti við félagsráðgjafa. Þá kölluðu viðmælendur sem áttu í stopulum samskiptum við félagsráðgjafa eftir því að fá að hitta ráðgjafa í ríkara mæli.	Notendur voru almennt ánægðir með þjónustu félagsráðgjafanna. Stuðningur þeirra var mikilvægur, gagnlegur og hvetjandi til að komast af fjárhagsaðstoð til framfærslu. Notendum fannst hvorki krefjandi né tímasóun að mæta í þá þjónustu sem þeir nýttu sér. Þeim fannst jafnframt kröfur um mætingarskyldu sanngjarnar.
Sumir höfðu reynslu af þátttöku í virkni- og átaksúrræðum - aðrir höfðu nær ekkert heyrt á þau minnst. Þeir sem höfðu reynslu af úrræðunum voru almennt ánægðir með þátttökuna og hinir lýstu yfir áhuga á að taka þátt í slíkum úrræðum.	Notendur kalla eftir meiri þjónustu, á borð við (meiri) sálfræðiþjónustu og fleiri námskeið en þeim stóð til boða.
Nefnt var að of einsleit virkni- og átaksúrræði væru í boði og að það væri of mikil áhersla lögð á að efla félagsfærni.	
Þjóða þyrfti upp á fleiri námskeið sem veita réttindi á borð við einingar til stúdentsprófs.	
Tilkoma bókasafnskortsins og sundkortsins gert þeim gott.	Almennt leið notendum ekki vel með að þiggja fjárhagsaðstoð til framfærslu. Þeir voru ánægðir með þjónustuna sem þeim bauðst en þeir litu á hana sem tímabundna aðstoð.
Aðstæður sumra höfðu breyst til batnaðar eftir að þeir fóru að þiggja fjárhagsaðstoð en öðrum þótti félagsleg einangrun smám saman hafa aukist vegna þess að þeir höfðu ekki efni á að taka þátt í félagsstarfi.	Nefnt var að andleg og líkamleg líðan þeirra sem hefðu farið í meðferð vegna áfengis - og/eða vmuefnavanda hefði almennt batnað í kjölfarið. Neysla hindrað notendur í að nýta sér þá þjónustu sem var í boði, t.a.m. sálfræði- og ráðgjafaviðtöl og námskeið.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Dagsetning: 6. október 2015
Skrifstofa: Ráðgjafarþjónusta
Unnið af: Þóru Kemp og Kristjönu
Gunnarsdóttur
Ábyrgð: Kristjana Gunnarsdóttir

Lagt fram í velferðarráði 15. október 2015

Minnisblað um aðgerðaráætlun um fjárhagsaðstoð

Aukinn stuðningur við viðtakendur fjárhagsaðstoðar til framfærslu hjá Reykjavíkurborg

Forsaga:

Starfshópur um aðgerðaráætlun var skipaður þann 12. september 2013 og skilaði af sér aðgerðaráætlun þann 30. september 2013 (fylgiskjal 1). Markmið aðgerðaráætlunarinnar var að fjölga tækifærum fyrir viðtakendur fjárhagsaðstoðar með framfærslu og gera þeim kleift að sjá sér farborða með öðrum hætti en fjárhagsaðstoð. Fjöldi viðtakenda fjárhagsaðstoðar með framfærslu var óvenju mikill árið 2013 miðað við fyrri ár og má segja að það hafi endurspeglad afleiðingar efnahagskreppunnar árið 2008.

Til þessa hefur verið unnið samkvæmt aðgerðaráætlun um fjárhagsaðstoð sem gerð var árið 2013. Aðstæður í samfélaginu hafa breyst frá þeim tíma og margar þær tillögur sem voru samþykktar hafa náð fram að ganga. Það er mat sérfræðinga velferðarsviðs að þörf sé á að endurskoða fyrri aðgerðaráætlun og taka m.a. mið af því að aðstæður á atvinnumarkaði hafa breyst og dregið hefur úr atvinnuleysi. Einnig þarf að taka mið þörfum þess hóps sem ekki hefur náð að nýta sér aukið framboð af atvinnu og hefur fengið fjárhagsaðstoð til langs tíma.

Greining á viðtakendum fjárhagsaðstoðar 2015

Fjöldi viðtakenda fjárhagsaðstoðar

Við gerð aðgerðaráætlunar árið 2013 var heildarfjöldi viðtakenda fjárhagsaðstoðar með framfærslu 3.350 og hafði fjöldinn tvöfaldast frá árinu 2007 en þá voru viðtakendur fjárhagsaðstoðar með framfærslu 1.650. Fjöldi viðtakenda fjárhagsaðstoðar með framfærslu árið 2014 var 3.269 en í maí 2015 er fjöldi viðtakenda fjárhagsaðstoðar með framfærslu 1.469. Meðalfjöldi viðtakenda árið 2014 var 1546 á mánuði og spár gera ráð fyrir 1487 í meðalfjölda viðtakenda á mánuði árið 2015.

Í aðgerðaráætluninni frá 2013 var gert ráð fyrir að heildarupphæð fjárhagsaðstoðar, með heimildargreiðslum, yrði 3.475 m.kr. á árinu 2015. Á árinu 2016 er gert ráð fyrir að útgjöld til fjárhagsaðstoðar verði 3.383.637.

Tafla 1. Samanburður á fjölda viðtakenda fjárhagsaðstoðar janúar–júlí 2014 og janúar -júlí 2015

	Fjöldi viðtakenda	
	Jan – júlí 2014	Jan – júlí 2015
Fjárhagsaðstoð alls	3367	3140
Framfærslustyrkur	2740	2516
Framfærsla vegna náms	277	268
Heimildargreiðslur	1410	1444
Sérstök aðstoð skv. gr. 27 a	279	336
Sérstök aðstoð skv. gr. 27 c	180	142
Styrkur v. fyrirframgreiðslu húsaleigu	74	80
Styrkur v. sérstakra erfiðleika	59	48
Aðstoð vegna barna skv. gr. 16 a	353	332
Aðstoð vegna barna skv. gr. 16 b.	171	147
Fjöldi viðtakenda með framfærslustyrk á aldrinum 18-24 ára	702	592
Hlutfall af heildarfjölda notenda framfærslustyrkjar	25,6%	23,5%
Framfærslustyrkur hálf grunnfjárhæð skv. gr. 3.	276	189
Hlutfall af fjölda notenda sem fær framfærslustyrk	10%	8%

Í töflu 1 kemur fram að viðtakendum fjárhagsaðstoðar alls fyrir ofangreind tímabil hefur fækkað um 227 eða 6,7 %. Einnig kemur fram að fjöldi viðtakenda með framfærslustyrk á aldrinum 18-24 ára hefur fækkað um 15,7% á umræddu tímabili.

Tímalengd fjárhagsaðstoðar

Í júlí 2014 höfðu 25% viðtakenda verið skemur en 3 mánuði með fjárhagsaðstoð til framfærslu, 64% í 6 mánuði eða lengur og 32% í 12 mánuði eða lengur. Svo virðist sem eldri viðtakendur þurfi að meðaltali lengur aðstoð en þeir sem yngri eru og karlar að meðaltali lengur en konur.

Tafla 2. Tímalengd fjárhagsaðstoðar og hlutfall af heildarfjölda

	Júlí 2014	Júlí 2015
Fjöldi notenda með fjárhagsaðstoð 12 mán. á sl. 12 mán.	522	512
Hlutfall af heildarfjölda notenda sl. 12 mán	32%	35%
Fjöldi notenda með fjárhagsaðstoð 6 mán. og lengur á sl. 12 mán.	1052	1008
Hlutfall af heildarfjölda notenda sl. 12 mán	64%	69%
Fjöldi notenda með fjárh.aðstoð 3 mán. og skemur á sl. 12 mán.	403	292
Hlutfall af heildarfjölda notenda sl. 12 mánuði	25%	20%
Meðalfjöldi mánaða með framfærslustyrk sl. 12 mán.	7,6	8,1

Meðalfjöldi mánaða með framfærslustyrk er að lengjast á milli júlí 2014 og júlí 2015 eða frá 7,6 mánuðum í 8,1 mánuð.

Fjöldi nýrra viðtakenda

Eins og fram hefur komið sýna lykiltölur velferðarsviðs að dregið hefur úr fjölda nýrra viðtakenda sem eru með framfærslustyrk (þ.e. ekki aðstoð undanfarna 12 mánuði). Í janúar voru þeir 11% af viðtakendum framfærslustyrks alls en 6% í júlí.

Tafla 3. Atvinnustaða nýrra viðtakenda ekki á aðstoð undanfarna 12 mánuði tímabilið jan. – júlí 2015

Atvinnustaða nýrra viðtakenda	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júni	Júlí
Atvinnulaus án bótaréttar	101	65	55	36	32	35	34
Atvinnulaus - bótaréttur fullnýttur	23	16	5	3	3		
Atvinnulaus með bótarétt	7	11	6	3	5	1	3
Atvinnulaus nemi milli anna						9	4
Ellilífeyrisþegi	1	1	1	1		3	2
Í fæðingarorlofi		2		1	1	5	1
Í launaðri vinnu - fullt starf	2	2	1	1	2	3	
Í launaðri vinnu – hlutastarf	5	2	4	3	1	2	3
Með endurhæfingarlífeyri					1	1	1
Nemi	7	2	2		4	39	5
Sjúklingur	27	25	26	32	26	27	28
Öryrki	1		1				2
Samtals	174	126	101	80	75	125	83

Atvinnustaða nýrra viðtakenda í júlí sýnir að dregið hefur úr fjölda þeirra sem eru atvinnulausir án bótaréttar en fjöldi sjúklinga stendur í stað. Ennfremur hefur fækkað mjög í hópi þeirra sem hafa fullnýtt bótarétt sinn á tímabilinu. Samanborið við árið 2014 þá hefur atvinnulausum án bótaréttar fækkað um 23 % og heildarfækkun nýrra notenda á fjárhagsaðstoð á milli júlí 2014 og júlí 2015 er um 25 %.

Tafla 4. Aldur nýrra viðtakenda ekki á aðstoð undanfarna 12 mánuði tímabilið jan. – júlí 2015

Aldur nýrra viðtakenda	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júni	Júlí
18-19 ára	7	10	2	6	8	21	9
20-24 ára	29	34	18	30	26	46	20
25-29 ára	31	30	24	16	20	46	25
30-39 ára	31	38	31	34	18	47	38
40-49 ára	16	22	25	15	11	13	12
50-59 ára	16	13	16	13	12	11	5
60 ára og eldri	3	5	10	8	6	6	2
Samtals	133	152	126	122	75	190	111

Nýir viðtakendur fjárhagsaðstoðar eru flestir á aldursbilinu 20-29 ára og síðan 30 – 39 ára. Hlutfallsleg fækkun í aldurshópnum 20-29 ára milli 2014 og 2015 er um 22,5%.

Stöðugildi

Á árinu 2008 var stofnað til 5,25 stöðugilda virkniráðgjafa á þjónustumiðstöðvunum og í upphafi árs 2014 var bætt við þremur stöðugildum. Í mars sama ár voru síðan 3 sálfræðingar ráðnir til starfa á þjónustumiðstöðvum á grundvelli aðgerðaráætlunarinnar. Markmiðið var að veita þeim einstaklingum sem skráðir voru óvinnufærir aukna aðstoð og ráðgjöf. Frá árinu 2008 hefur því verið bætt við 11,25 stg. til að vinna með hóp viðtakenda með fjárhagsaðstoð. Á árinu 2015 sameinuðust þjónustumiðstöðvar um fastráðningu stöðugildis fjármálaráðgjafa sem sinnt hefur viðtakendum fjárhagsaðstoðar á öllum þjónustumiðstöðvum, gegnum tilvísanir frá starfsmönnum. Í upphafi árs 2015 hóf iðjuþjálfari, sem starfað hafði á Atvinnutorgi, störf á sinnir nú viðtakendum þjónustumiðstöðvar á þjónustumiðstöðvum gegnum tilvísanir frá starfsmönnum.

Verkefni

Atvinnutorg/Vinnumálastofnun.

Í upphafi árs 2012 var Atvinnutorg sett á fót í samstarfi velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, Vinnumálastofnunar og velferðarráðuneytisins. Í upphafi árs 2013 var Atvinnutorg fært frá velferðarsviði yfir til nýstofnaðrar atvinnumáladeildar sem heyrði undir skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Markmiðið var að sameina atvinnumál í Reykjavík undir einn hatt.

Í lok árs 2014 ákvað Vinnumálastofnun að draga sig út samstarfi um Atvinnutorg. Í kjölfarið var gengið til samstarfs við Vinnumálastofnun um að þjónusta áfram atvinnuleitendur án bótaréttar, með fjárhagsaðstoð til framfærslu, með þeim þremur stöðugildum Vinnumálastofnunar sem voru á Atvinnutorgi ásamt 3 stöðugildum frá velferðarsviði. Væntingar eru um að það fyrirkomulag einfaldi þjónustuna gagnvart notendum auk þess sem líkur eru taldar á aukinni samlegð í nýtingu starfskrafta, námskeið og úrræða. Meðfylgjandi er stöðumat Vinnumálastofnunar eftir fyrstu 6 mánuði ársins (fylgiskjal 2). Þar kemur fram að þegar nýtt fyrirkomulag tók gildi um áramótin þá voru 127 einstaklingar sem hafði verið vísað í þjónustu í Atvinnutorg og Stíg á árinum 2012-2014, enn í þjónustu. Af þeim 85 sem nýttu sér þjónustu VMST fóru 61 í starf á árinu 2015, 42 einstaklingum var vísað til baka á þjónustumiðstöðvar og 24 eru enn í þjónustu.

Frá áramótum 2015 hefur 437 einstaklingum með fjárhagsaðstoð verið vísað í þjónustu VMST. Alls var 133 einstaklingum vísað til baka af ýmsum ástæðum (37 óvinnufærir, 6 hafna starfi, 44 mættu ekki í viðtal eða í virkni, 46 með aðrar ástæður s.s. fluttir erlendis eða úr sveitarfélaginu eða farið í nám). Af þeim 304 einstaklingum sem fengu þjónustu VMST hafa 214 farið í starf og 3 í nám eða 71%. Í dag eru 86 einstaklingar í þjónustu frá þjónustumiðstöðvunum en þeir ættu að vera fleiri. Unnið er að því þessa dagana að einfalda og stytta tilvísanaferlið til þess að fá viðtakendur fjárhagsaðstoðar fyrr inn í þjónustu VMST.

Það er niðurstaða VMST að árangur af vinnu með þann hóp sem vísað er í þjónustu til VMST sé allgóður þar sem 71% hópsins er kominn með starf það sem af er árinu. Gott samstarf hefur myndast á milli starfsmanna þjónustumiðstöðva, atvinnumálateymis Reykjavíkur og Vinnumálatofnunar. Það er mat VMST að úrræði vanti fyrir þá sem eiga hvað erfiðast með að komast út á vinnumarkaðinn á ný. Til að mynda eiga einstaklingar sem eru með brotaferil á bakinu og sér í lagi ef um kynferðisafbrot er að ræða erfitt uppdráttar. Um 75% þeirra sem vísað er í þjónustu eru karlmenn og eru 62% þeirra yngri en 40 ára þ.e.a.s. á góðum aldri til að fá starf. Margir þessara einstaklinga hafa átt við langvarandi og fjölþættan vanda, félagslegan og andlegan, að etja líkt og brotthvarf úr skóla, slitrótta vinnusögu, vímuefnavanda, afbrot o.fl. Störf innan borgarinnar hafa hjálpað mikið til sem byrjunarreitur fyrir marga út á vinnumarkaðinn á ný.

Færniteymi á þjónustumiðstöðvum

Samkvæmt aðgerðaráætlun 2013 átti hver þjónustumiðstöð að koma á fót svokölluðu sjúklingateymi (nú **færniteymi**) til að þróa og samræma vinnubrögð og vinna að bættum hag þeirra sem eru óvinnufærir og með fjárhagsaðstoð til framfærslu. Í meðfylgjandi stöðuskýrslu (fylgiskjal 3) fyrir tímabilið apríl 2014 og mars 2015 kemur m.a. að á þessu tímabili hafa 706 einstaklingar verið með fjárhagsaðstoð á grundvelli læknisvottorðs í einn mánuð eða lengur. Í apríl 2014 voru þeir 567 en í lok mars 2015 691. Alls hafa 356 sjúklingar verið boðaðir í fyrsta viðtal til sálfræðings eða um 50,4% af heildarfjölda tímabilsins. Meirihluti þeirra sem eru óvinnufærir eru karlmenn eða 60% og fjölmennasti hópurinn er einhleypir eða 79%, barnlausir eru 76% hópsins. Af hópnum hefur 37% verið með fjárhagsaðstoð skemur en 6 mánuði og um 24% hafa verið með fjárhagsaðstoð í tvö ár eða lengur. Í 71-81% tilfella eru einstaklingar á aldrinum 20-39 ára.

Niðurstaða Dass matslista sem lagður hefur verið fyrir 65% óvinnufæra í færniteymi styðja niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið á viðtakendum fjárhagsaðstoðar hjá Reykjavíkurborg en helmingur þeirra sýndi alvarleg eða mjög alvarleg einkenni þunglyndis og kvíða. Um 20% sýndi eðlileg einkenni. Frekari rýning á hluta hópsins sýndi að 88% þeirra átti við geðræn veikindi að stríða, 40% átti sögu um áfengis- og vímuefnaneyslu og 15% sögðust vera í virkri neyslu.

Það er mat sálfræðinga að skilin milli þess að vera í stöðu atvinnuleitenda og sjúklings séu óljós. Reynslan sýnir að færst hefur í vöxt að staða einstaklinga breytist úr því að vera með/eða án bótaréttar í stöðuna óvinnufær með læknisvottorð en sjaldan í hina áttina. Aukin samvinna er nú orðin á milli þeirra fagaðila sem sinna einstaklingum án bótaréttar í virkнитеymi og þeirra sem eru óvinnufærir með fjárhagsaðstoð í færniteymi og hafa sálfræðingar í ákveðnum tilvikum sinnt þeim einstaklingum sem skráðir eru vinnufærir.

Í skýrslu sálfræðinganna kemur fram að verkefnið hafi farið hægt af stað en árangurinn hefur aukist eftir því sem á líður. Eftir fyrstu 6 mánuðina höfðu 13% þeirra sem var vísað í viðtöl til sálfræðinga hætt með fjárhagsaðstoð en 12 mánuðum seinna eru 30% eða 108 einstaklingar

hættir með fjárhagsaðstoð. Þar af eru 23 einstaklingar komnir í vinnu. Í september 2015 hefur 410 einstaklingum verið vísað til sálfræðinganna. Af þeim eru 182 hættir með fjárhagsaðstoð eða 44%. Þar af eru 54 komnir í vinnu eða 30%.

Sumarátak fyrir námsmenn

Velferðarsvið hefur á undanförunum árum staðið fyrir sumarátaki fyrir nema með fjárhagsaðstoð. Sumarið 2013 var ráðist í sumarátak til að skapa sumarstörf fyrir námsmenn sem sótt um fjárhagsaðstoð til framfærslu, auk þess sem boðið var upp á námskeið til þess að styðja við námsmenn í atvinnuleit. Heildarfækkun nema og nema á milli anna með fjárhagsaðstoð yfir sumarmánuðina (júní, júlí og ágúst) var 26% á milli 2013 og 2014. Í samráði við atvinnumáladeild hefur verið reynt að skapa námsmönnum störf eða námskeið yfir sumarmánuðina. Fækkun nema og nema á milli anna með fjárhagsaðstoð fyrir sama tímabil 2014 og 2015 var 19%. Sumarið 2015 voru ráðningar hjá borginni fyrir þennan hóp alls 75 miðað við 110 árið 2014.

Breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð

Í aðgerðaráætluninni 2013 var lagt til að breytingar yrðu gerðar á reglum um fjárhagsaðstoð þannig að kröfur verði um að óvinnufærir sem eru með fjárhagsaðstoð til framfærslu vinni í að ná bata og sinni einstaklingsáætlunum í samvinnu við félagsráðgjafa og að öðrum kosti geti komið til skerðinga sbr. 3. gr. reglna um fjárhagsaðstoð. Þessar breytingar komu til framkvæmda í byrjun árs 2014.

Í júní 2014 voru gerðar aðrar breytingar á reglunum sem heimila að veita þeim einstaklingum sem ekki hafa verið með fjárhagsaðstoð til framfærslu í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan, en hafa til langs tíma glímt við vímuefnavanda og/eða geðræna erfiðleika auk þess að hafa jafnframt átt í margháttuðum húsnæðiserfiðleikum og miklum félagslegum erfiðleikum því fylgjandi, lán eða styrk til fyrirframgreiðslu húsaleigu, að hámarki 300.000 kr.

Niðurstaða

Til að stuðla að því að viðtakendur fjárhagsaðstoðar þurfi ekki á fjárhagsaðstoð að halda til langs tíma þarf aðgerðaráætlunin að byggja á heildarsýn á þá þjónustu sem hægt er að veita viðtakendum fjárhagsaðstoðar (fylgiskjal 6). Aðgerðaráætlunin þarf að tengja saman þá þætti sem líklegir eru til þess að stuðla að því að færri einstaklingar þurfi til langs tíma að reiða sig á fjárhagsaðstoð til framfærslu og hafa það að markmiði að draga úr því að einstaklingar þurfi að leita aftur eftir fjárhagsaðstoðar síðar á ævinni. Það þarf að skoða skiptingu verkefna á milli sérfræðinga sem eru að vinna einstaklingsvinnu í virkni- og færniteymum með tilliti til nýjustu lykiltalna. Áherslan er eins og áður segir að fá viðtakendur fjárhagsaðstoðar til þess að finna styrkleika sína og taka ábyrgð á þátttöku og virkni í þeim úrræðum sem sett eru fram í einstaklingsáætlun hvers og eins.

Tillögurnar í aðgerðaráætluninni eru unnar í samráði við starfsmenn þjónustumiðstöðvanna og skrifstofu velferðarsviðs en mikil áhersla hefur verið lögð á aðkomu þeirra sérfræðinga sem bestu reynslu og þekkingu hafa á fjárhagsaðstoð.

Fylgiskjöl:

1. Aðgerðaráætlun um fjárhagsaðstoð frá 2013.
2. Stöðuskýrsla Vinnumálastofnunar, þjónusta við atvinnuleitendur á fjárhagsaðstoð í Reykjavík 1. janúar - 30.júni 2015.
3. Stöðuskýrsla sálfræðinga, apríl 2014 – mars 2015.
4. Erindisbréf um skipun stýrihóps sem vinnur að útfærslu, innleiðingu og framkvæmd aðgerðaráætlunar.
5. Skýrsla velferðarráðuneytisins: Tilmæli Ráðherranefndar Evrópuráðsins um réttindi barna og barnvæna félagsþjónustu við börn og fjölskyldur. (2015).
6. Aðgerðaráætlun um fjárhagsaðstoð, október 2015.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Dagsetning: 20.apríl 2016
Skrifstofa: Ráðgjafarþjónustu
Unnið af: Þóru Kemp
Ábyrgð: Kristjana Gunnarsdóttir
GoPro: 2013090018

Lagt fyrir fund velferðarráðs 28.apríl 2016

Efni: Lagt fram minnisblað um stöðumat á aðgerðaráætlun um fjárhagsaðstoð

Forsaga:

Á fundi velferðarráðs þann 15. október 2015 var lögð fram endurskoðuð aðgerðaráætlun vegna fjárhagsaðstoðar ásamt minnisblaði dags. 6. október 2015.

Fulltrúar Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna, Samfylkingarinnar og áheyrnarfulltrúi Pírata lögðu fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúarnir fagna því að tekist hefur að fækka í hópi þeirra Reykvíkinga sem þurfa á fjárhagsaðstoð til framfærslu á að halda, en notendum í janúar til ágúst 2015 fækkaði um 9% miðað við sama tímabil árið 2014. Einnig hefur viðtakendum framfærslustyrks á aldrinum 18-24 ára fækkað um 15,7% frá árinu 2014.

Árangur af átaksverkefnum sem miða að því að koma fólki á fjárhagsaðstoð í vinnu hefur sömuleiðis verið góður og hafa 71% þeirra sem vísað hefur verið í úrræði til Vinnumálastofnunar komist í starf eða nám það sem af er árinu 2015. Þá er árangur af vinnu færniteymis, sem falið er að vinna með notendum fjárhagsaðstoðar sem eru taldir tímabundið óvinnufærir, ánægjulegur, en 44% af þeim sem vísað er þangað hætta með fjárhagsaðstoð til framfærslu.

Endurbætt aðgerðaáætlun um fjárhagsaðstoð er til mikilla bóta og fagnar velferðarráð útgáfu hennar. Megináhersla á að fá viðtakendur fjárhagsaðstoðar til þess að finna styrkleika sína og taka ábyrgð á þátttöku og virkni í úrræðum sem sett eru fram í einstaklingsáætlun hvers og eins er af hinu góða. Þannig er haldið áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið og skilar árangri. Sömuleiðis er lögð áhersla á að notendur setji sér valdeflandi markmið. Einnig ber að benda á mikilvægi þess að unnið verði samkvæmt samræmdu verklagi við móttöku og meðferð umsókna um fjárhagsaðstoð.

Með snemmtækum inn gripum má koma í veg fyrir langtímavanda notenda fjárhagsaðstoðar. Mikilvægt er að atvinnuleitendum sé vísað sem fyrst í þjónustu eftir að þeir sækja um fjárhagsaðstoð og mikilvægt að fjölga starfsmöguleikum sem þessu fólki stendur til boða hjá

borginni. Velferðarráð telur eðlilegt að við endurskoðun aðgerðaáætlunar sé aukinn kraftur settur í ráðgjöf við virkniþóp til að koma í veg fyrir að þeir festist í langtímavanda og að komið verði til móts við þarfir fólks í virkniþóp. Mikilvægt er að velferðarsvið leggi nú sérstaka áherslu á þann hóp notenda fjárhagsaðstoðar sem önnur úrræði ná ekki til.

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina lagði fram eftirfarandi bókun:

Margir viðtakendur fjárhagsaðstoðar til lengri tíma en sex mánaða eru ungir einhleypir karlmenn þ.e karlmenn undir 40 ára og eiga margir þessara einstaklinga sögu um fjölþættan og langvarandi félagslegan og/eða andlegan vanda. Vinnumálastofnun telur að ekki séu til staðar úrræði fyrir þennan hóp og þá sem eiga hvað erfiðast með að komast út á vinnumarkaðinn og eiga jafnframt erfitt uppdráttar sökum t.d brotaferils. Því er ljóst að Reykjavíkurborg þarf að forgangsraða og vinna sérstaklega með þennan hóp með einstaklingsbundnum áætlunum og þéttum stuðningi ásamt því að leita til stjórnenda innan borgarinnar um samstarf vegna atvinnutækifæra.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lýsa ánægju með að loks sjáist þess merki að vilji sé til breytinga við aðgerðaáætlun vegna fjárhagsaðstoðar en vilja þó áréttta að stefna meirihlutans í Reykjavík gagnvart fjárhagsaðstoð hefur viðhaldið fjárhagsaðstoðarvandanum í Reykjavík sem hleypur á 3 milljörðum króna hvert ár. Tekist hefur verið á um fjárhagsaðstoðarmálin í velferðarráði til lengri tíma. Meðal annars lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins til fyrir ári síðan að Hafnarfjarðarmódelið yrði yfirfært á Reykjavík en þar á stuttum tíma náðist frábær árangur. Í ljós hefur komið að hægt var að aðstoða fólk mun betur að komast í virkni eða vinnu og kostnaðurinn við fjárhagsaðstoð lækkaði þar um nærri 800 milljónir króna á ári. Borið saman við önnur sveitarfélög sem hafa tekið á vandanum og náð kostnaði jafnvel niður um nærri 800 milljónir á ári þá er þetta algjörlega óviðunandi. Um stórtjón fyrir fólkið á fjárhagsaðstoð er að ræða sem fær ekki viðunandi aðstoð. Ekki síður tjón fyrir aðra sem á meðan fá ekki þjónustu í Reykjavík vegna fjárskorts.

Greinargerð:

Eins og fram kemur í aðgerðaráætlun um fjárhagsaðstoð frá október 2015 þá er hugmyndafræði fjárhagsaðstoðar byggð á fjórum lykilhugtökum; virku samráði, valdeflingu, þátttöku og ábyrgð á eigin lífi. Stýrihópur vegna aðgerðaráætlunar sem skipaður var í október 2015 hefur fundað átta sinnum með áherslu á eftirfarandi:

- Hugmyndafræði fjárhagsaðstoðar og helstu hugtök.
- Notkun lykiltalna í áætlunargerð og þróun.
- Gerð og innihald einstaklingsáætlana.
- Notkun skimunartækja í félagsþjónustu.

Einnig hefur hópurinn fengið fræðslu um mikilvægi þess að veita notendum félagsþjónustu þéttan stuðning á grundvelli skýrslu frá Noregi um efnið og fræðslu um aðferðarfræðina *Individual Placement Support* (IPS) og gagnsemi hennar innan félagsþjónustu

Lykiltölur

Ef skoðaðar eru lykiltölur fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2016 þá sýnir mynd 1 að fjárhagsaðstoðarliðurinn er 79% undir áætlun.

Heiti kostnaðarstaðar	Tímabil: 201601 - 201603			
	Rauntölur	Esk.áætlun	Frávik frá áætlun í kr.	Frávik frá áætlun í %
Framfærslustyrkur (VÞ1020)	483.240	614.186	130.946	79%
Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar (VÞ1021)	131.201	163.965	32.764	80%
Heimildargreiðslur - Átaksverkefni (VÞ1022)	16.683	23.759	7.076	70%
Heim.gr. - 16.gr. A aðstoð v/barna á framfæri (VÞ1023)	10.091	11.319	1.228	89%
Fjárhagsaðstoð (VÞ020)	641.216	813.230	172.015	79%

Mynd 1: Fjárhagsaðstoð skv. fjárhagsáætlun 2016

Á mynd 2 sjáum við samanburð á kostnaði vegna fjárhagsaðstoðar og fjölda notenda milli árunna 2015 og 2016 í janúar, febrúar og mars.

Fjárhagsaðstoð til framfærslu - Fjöldi notenda		Heimildargreiðslur alls - Fjöldi notenda		Fjárhagsaðstoð alls - Fjöldi notenda	
2015	2016	2015	2016	2015	2016
1924	1461	1060	863	2570	1983
Breyting milli ára fjöldi	Breyting milli ára %	Breyting milli ára fjöldi	Breyting milli ára %	Breyting milli ára fjöldi	Breyting milli ára %
-463	-24,1%	-197	-18,6%	-587	-22,8%
Fjárhagsaðstoð til framfærslu kr.		Heimildargreiðslur kr.		Fjárhagsaðstoð alls - upphæðir	
2015	2016	2015	2016	2015	2016
619.375.883	485.124.282	184.037.232	148.735.835	810.892.072	642.709.336
Breyting milli ára upph.	Breyting milli ára %	Breyting milli ára upph.	Breyting milli ára %	Breyting á milli ára kr.	Breyting á milli ára %
-134.251.601	-21,7%	-35.301.397	-19,2%	-168.182.736	-20,7%

Mynd 2. Samanburður á fjárhagsaðstoð í jan. feb. og mars milli 2015-2016.

Í töflu 1 kemur fram að á milli árunna 2008 og 2015 hefur verið talsverð aukning á notkun samkomulags um félagslega ráðgjöf í veitingu fjárhagsaðstoðar til framfærslu.

Tafla 1. Hlutfall notenda sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu og gerir samkomulag um félagslega ráðgjöf

2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
11,0	10,3	15,4	12,3	20,9	28,2	34,9	41,9

Virkniráðgjöf

Árið 2015 voru tilvísanir til Vinnumálastofnunar 459 vegna vinnufærra einstaklinga. Að auki fengu 124 einstaklingar þjónustu sem hafði verið vísað til Vinnumálastofnunar árið 2014. Af þeim nýttu 391 sér þjónustu Vinnumálastofnunar. Í starf fóru 261 einstaklingur og sex fóru í nám. Ef skoðaðar eru tölur fyrstu þrjú mánuðina árunna 2015 og 2016 þá eru fleiri einstaklingar í þjónustu nú en í fyrra og fleiri hafa fengið starf á almennum markaði án starfsþjálfunarsamnings.

Tafla 2. Tilvísanir til Vinnumálastofnunar fyrstu þrjú mánuði árunna 2015 og 2016.

	Heildarfjöldi í þjónustu	Nýjar tilvísanir frá áramótum	Fjöldi í starf frá áramótum	Í starf í gegnum atvinnumáladeild	Í starf með starfsþjálfunarsamning	Í starf án samnings
2016	303	152	55	1	8	46
2015	285	161	75	26	14	35

Í samantekt frá atvinnumáladeild Reykjavíkurborgar fyrir árið 2015 kemur fram að 76 einstaklingar með fjárhagsaðstoð fengu 6 mánaða ráðningu í starfsþjálfunarstörf. Í sumarátaki milli velferðarsviðs og atvinnumáladeildar Reykjavíkur voru 55 nemar með fjárhagsaðstoð ráðnir í sumarstarf og 19 háskólanemar sem sóttu um fjárhagsaðstoð fengu sumarstarf. Í febrúar 2016 ákvað Borgarstjórn Reykjavíkur að lækka atvinnumálapottinn með þeim rökum að atvinnuástand í landinu hafi batnað. Í framhaldi af bókun Borgarstjórnar hætti atvinnumáladeild Reykjavíkur að miðla í 6 mánaða störf fyrir viðtakendur fjárhagsaðstoðar.

Færniteymi

Í febrúar 2016 var kynnt úttekt deild gæða og rannsókna á afdrifum notenda sem vísað hefur verið til sálfræðinga færniteymis. Rætt var við 12 fyrrum notendur fjárhagsaðstoðar til framfærslu. Fram kom að viðmælendurnir voru ánægðir með þjónustu sérfræðinganna en kallað var eftir aukinni þjónustu. Sérstaklega var óskað eftir því að fá fleiri viðtöl við sálfræðinga, fleiri námskeið og að fá að taka „Eigið mat á starfsgetu (EMS). Viðmælendur í úttektinni nefndu einnig að upplýsingagjöf um hvaða þjónusta þeim stæði til boða væri ábótavant og nefnt var að þrýstingur sérfræðinganna um að fara út á vinnumarkað hafi skipt máli. Í drögum að skýrslu sálfræðinganna í færniteymi frá apríl 2016 kemur í ljós að 558 málum hefur verið vísað til sálfræðinga færniteymisins frá apríl 2014. Sá hópur sem sálfræðingarnir hafa þjónustað eru einstaklingar sem eiga við samþætta erfiðleika að stríða. Í greiningu mála hefur komið í ljós að 78,1 % hópsins stríðir við geðrænan vanda og 36,5% hópsins áttu sögu eða voru í neyslu vímuefna. DASS sjálfsmatskvarði var lagður fyrir 341 einstaklinga á tímabilinu, eða um 60% hópsins. Eins og fram kemur í töflu 3 upplifði um helmingur þeirra sem skimaðir voru alvarleg eða mjög alvarleg þunglyndis- og kvíðaeinkenni, og um þriðjungur upplifði alvarleg streitueinkenni.

Tafla 3. Niðurstöður DASS sjálfsmatskvarða

	Eðlileg einkenni	Væg og miðlungs einkenni	Alvarleg og mjög alvarleg einkenni
Þunglyndi	63	105	173
Kvíði	71	109	161
Streita	104	116	121

Í töflu 4 má sjá afdrif þeirra sem hafa fengið þjónustu sálfræðinga í færniteymi, en 308 hafa hætt með fjárhagsaðstoð og 37 af þeim hafa aftur komið inn á fjárhagsaðstoð.

Tafla 4. Afdrif þeirra sem hafa fengið þjónustu sálfræðinga í færniteymi

	Fjöldi
Vinna	72
Endurhæfingarlífeyrir	102
Örorka	42
Flutt/ur í annað sveitarfélag/erlendis	30
Fæðingarstyrkur	3
Lánshæft nám	13
Hætt/ur, ástæða ókunn	41
Látin/n	3
Fangelsi	1
Atvinnuleysisbætur	1
Samtals	308

VelVIRK

Frá árinu 2014 hefur verið í gangi samstarf milli VIRK starfsendurhæfing sjóðs og velferðarsviðs. Fyrst var eingöngu unnið með einstaklinga sem fengu fjárhagsaðstoð og voru vinnufærir en ekki með skilgreindan heilsubrest. Í kjölfar þess að vinnufærum notendum hefur fækkað á fjárhagsaðstoð og aukning orðið á óvinnufærum á grundvelli læknisvottorðs þá var tekin sú ákvörðun að víkka út samstarfið þannig að tekið er við tilvísunum frá bæði virkni- og færniteymi. Árið 2015 var fjallað um málefni 12 einstaklinga hjá VelVIRK.

Úrræði frá áramótum 2016

Á síðasta ári hefur viðtakendum fjárhagsaðstoðar fækkað en að sama skapi hefur þjónustuþyngdin aukist hvað varðar félagslega ráðgjöf og að finna úrræð og virkni við hæfi. Áhersla hefur verið lögð á að vinna með viðtakendum fjárhagsaðstoðar út frá einstaklingsáætlun hvers og eins með það að markmiði að sporna við aðgerðarleysi. Á árinu 2016 hefur verið unnið markvisst að því að finna klæðskerasaumunú úrræði sem henta þeim hópi sem enn þarf á fjárhagsaðstoða að halda. Hér ber að nefna þau úrræði sem sett hafa verið í gang:

Samstarf við Intellecta

Í janúar 2016 gerði velferðarsvið þjónustusamning við Intellecta ehf. sem felur í sér að veita atvinnulausum einstaklingum sem hafa verið 12 mánuði eða lengur með fjárhagsaðstoð, eru eldri en 30 ára og hafa háskólamenntun eða iðnmenntun, markþjálfun, ráðgjöf og sálfræðiviðtöl yfir 16-18 vikna tímabil. Fjöldi þátttakenda í þessu verkefni eru 25 einstaklingar frá öllum þjónustumiðstöðvunum. Af þeim sem vísað hefur verið til Intellecta ehf. eru þrír komnir í vinnu. Samningur við Intellecta byggir á árangurstengdum greiðslum þannig að full greiðsla fyrir hvern þátttakenda er greidd þegar einstaklingur hefur verið 3 mánuði í starfi.

Gæfuspor

Velferðarsvið gerði samning við Geðheilsustöð Breiðholts í febrúar 2016 um að þjónusta viðtakendum fjárhagsaðstoðar sem hafa glímt við geðrænan og félagslegan vanda ásamt því að vera þolendur ofbeldis. Um er að ræða námskeið sem heitir Gæfuspor og ætlað konum 25 ára og eldri. Árangursmælingar á þeim námskeiðum sem haldin hafa verið hafa sýnt heildaráhrif á líðan kvennanna til hins betra. Námskeiðið sem nú er haldið í samstarfi við velferðarsvið hóst í mars 2016.

GOAL

GOAL er stefnumótunarverkefni og felur í sér samstarf milli Mímis símenntunar og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Verkefnið stendur m.a. fyrir ráðgjöf og leiðsögn fyrir fullorðna einstaklinga tengt náms- og starfsþróun með það að markmiði að finna sér nám/starf við hæfi. Þátttaka velferðarsviðs felur í sér að finna viðtakendum fjárhagsaðstoðar sem geta nýtt sér þjónustu GOAL. Nú þegar er búið að vísa 11 þátttakendum frá þjónustumiðstöðvunum í verkefnið.

Barnvæn félagsþjónusta

Ákveðið hefur verið að fara af stað með tilraunaverkefni á Þjónustumiðstöð Breiðholts sem ber heitið TINNA. Verkefnið felur í sér að vinna með samþætta áætlun um m.a. menntun og/eða starfsþjálfun, fjárhagsstuðning, uppeldisráðgjöf og sérfræðiþjónustu fyrir einstæða foreldra og börn þeirra, áhersla er lögð á að bjóða ungum einstæðum foreldrum úrræðið. Gert er ráð fyrir að taka inn 10 fjölskyldur í

maí í undirbúningsfasa fram í júní 2016. Gert ráð fyrir að vera með 10-15 fjölskyldur í úrræðinu næsta árið Notast verður við viðtalsformið Eigið mat á starfsgetu (EMS) og skimunartækin ASEBA og ESTER. Tilraunaverkefnið er til tveggja ára.

Í aðgerðaráætlun um fjárhagsaðstoð er lögð rík áhersla á að tryggja nýtingu á 16. gr. a) í reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð. Nýtingin fyrir árið 2015 er 51% en þá fengu 379 viðtakendur fjárhagsaðstoðar greiddan styrk af þeim 748 sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu og voru með börn á sínu framfæri. Árið 2014 var hlutfall greiðslna skv. umræddri grein 49% miðað við sömu forsendur.

Notendasamráð

Á tímabilinu október 2015 – apríl 2016 hefur einn rýnihópur notenda verið starfandi. Um er að ræða rýnihóp sem hafði það hlutverk að móta tillögur að breyttri áherslu og framkvæmd í skipulagi fjárhagsaðstoðar, sú bókun var samþykkt í ráðinu 19. nóvember 2015. Verið er að ljúka úrvinnslu rýnihópavinnunnar og verða niðurstöður kynntar fyrir velferðarráði í maí 2016. Fyrir liggur að fara í gang með tvo aðra rýnihópa. Annars vegar rýnihóp sem mun samanstanda af hópi viðtakenda fjárhagsaðstoðar sem hafa gert „samkomulag um félagslega ráðgjöf“, og „Eigið mat á starfsgetu“, með það að markmiði að draga fram viðhorf og reynslu einstaklinga af þessum verkfærum og hversu gagnleg þau hafa reynst til að ná settum markmiðum. Segja má þó að hluti af þessari vinnu kom fram í úttekt á vinnu sálfræðinga í færniteymi (sjá umfjöllun um færniteymi). Hins vegar rýnihóp sem mun fjalla um þarfir einstaklinga með fjárhagsaðstoð sem eiga við áfengis og/eða annan vímuefnavanda að stríða varðandi þjónustu og stuðning. Rýnihópurinn á einnig að skoða tækifæri og hindranir varðandi samstarf milli velferðarsviðs og SÁÁ.

Niðurstaða:

Það er ánægjulegt að sjá að viðtakendum fjárhagsaðstoðar er að fækka en að sama skapi er áskorun innan félagslegrar ráðgjafar að ná betur til þess hóps sem situr eftir. Finna þarf leiðir til þess að nálgast þann hóp og finna árangursríkar aðferðir sem leiða til aukinnar virkni og betri þjónustu. Stýrihópur aðgerðaráætlunar um fjárhagsaðstoð heldur áfram störfum. Fyrirhugað er að fá frekari fræðslu um mögulega þjónustu við viðtakendur fjárhagsaðstoðar m.a. með fundi með Janus starfsendurhæfingu. Einnig hefur verið haft samband við fagaðila í Noregi sem hafa verið að þróa verkefni fyrir 18-24 ára og beðið er svars frá þeim. Framundan er fundur með formanni Félagsráðgjafafélags Íslands til að ræða um skilgreiningar og þróun viðmiðunarmarka í störfum félagsráðgjafa. Fram hefur komið vilji til þess að láta þýða bækling um *Eigið mat á starfsgetu* (EMS) með það að markmiði að bæta upplýsingagjöf til einstaklinga með fjárhagsaðstoð. Aukin áhersla verður á notkun ASEBA í félagslegri ráðgjöf en í mars 2016. var haldið fjölmennt námskeið í notkun þess. Lykiltölur velferðarsviðs gefa til kynna aukna bjartsýni um að verið sé að vinna þétt með viðtakendum fjárhagsaðstoðar með valdeflingu, notendasamráði og þátttöku á ábyrgð að leiðarljósi.